

Borgarráð

### ***Samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit - Niðurstöður starfshóps***

Lagt er til að samþykkt verði að efna til samkeppni um skipulag Umferðarmiðstöðvarreits með það að markmiði að þar risi alhliða samgöngumiðstöð fyrir Reykjavík, höfuðborgarsvæðið og landið allt. Í því skyni að undirbúningur málsins verði markviss verði unnið eftir meðfylgjandi tillögum starfshóps um næstu skref. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að annast framkvæmd samkeppninnar.

Lögð er fram áfangaskýrsla um þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit ásamt drögum að keppnislýsingu fyrir hugmyndasamkeppni um deiliskipulag á U-reit.

Á fundi borgarráðs 7. sept. 2017 var samþykkt eftirfarandi tillaga borgarstjóra frá 24. ágúst 2017, ásamt fylgigögnum:

*Lagt er til að skipaður verði starfshópur til þess að undirbúa samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit. Í starfshópnum sitji fulltrúar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, skipulagsfulltrúa, samgöngustjóra og Strætó bs.*

- Starfshópnum skal gert að rýna núverandi gögn ásamt því að uppfæra og bæta við nýjum upplýsingum sem komið hafa fram á undanförunum misserum.*
- Einnig greina áhrif borgarlínu á verkefnið og leiðakerfi Strætó, tenging borgarlínu við samgöngumiðstöð, tækifæri ferðaþjónustunnar í væntanlegri samgöngumiðstöð o.fl.*
- Lagt er til að haldnar verði tvær samkeppnir. Í fyrri keppninni verði keppt um útfærslu á deiliskipulagi alls reitsins, en í seinni um samgöngumiðstöðina sjálfa og fyrirkomulag nánasta umhverfis hennar.*

*Hér er einungis g.r.f. að skipa dómnefnd fyrir skipulagssamkeppnina en ákvörðun verði tekin síðar varðandi hönnunarsamkeppni á samgöngumiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að dómnefnd gangi endanlega frá samkeppnislýsingu sem starfshópur Reykjavíkurborgar og Strætó hefur lagt drög að.*

Starfshópurinn var skipaður Óla Erni Eiríkssyni, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður), Þorsteini Rúnari Hermannssyni samgöngustjóra, Ágústu Sveinbjörnsdóttur, skipulagsfulltrúa, Ingvari Jóni Bates Gíslasyni, skipulagsfulltrúa, Jóhannesi Rúnarssyni, Strætó bs., og Valgerði Grétu Benediktsdóttur, Strætó bs.

Starfshópurinn hefur lokið fyrrgreindum verkefnum og skilað áfangaskýrslu ásamt drögum að keppnislýsingu fyrir hugmyndasamkeppni um deiliskipulag U-reits.

Starfshópurinn lagði fram eftirfarandi tillögur að næstu skrefum:

1. **Samþykki framtíðarsýnar:** Leitað verði afstöðu skipulags- og samgönguráðs og stjórnar Strætó bs. til ofangreindrar framtíðarsýnar um alhliða samgöngumiðstöð á umferðarmiðstöðvarreit.

2. **Umferðarskipulag – flæði umferðar að/frá U-reit:** Framkvæmd verði hermun á umferðarflæði á annatíma árdegis- og síðdegis til að greina hvar flöskuhálsar verða í kerfinu og hvernig best er að leysa úr þeim. Áfram verði haldið samvinnu við Vegagerðina og fulltrúar LSH verði einnig kallaðir að þessum hluta verkefnisins en fyrir liggur áætlun um að 34-52 strætisvagnar/klst muni aka gegnum LSH svæðið á háannatíma. Í kjölfarið verði unnin áætlun um framkvæmdir sem tryggir að fullnægjandi samgöngukerfi verði til staðar við opnun samgöngumiðstöðvar.

3. **Hugmyndasamkeppni um samgöngumiðstöð og skipulag U-reits:** Samhliða hermunarvinnu verði hugmyndasamkeppni undirbúin, þ.e. útgáfa á drögum að samkeppnislýsingu sem unnið hefur verið að, skipun dómnefndar o.fl. Hluti af samkeppnisgögnum verði þessi skýrsla starfshóps. Samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit verði, ásamt nýju útliti Hringbrautar og samhengi við nálæga byggð, verði auglýst að loknum nauðsynlegum undirbúningi vorið 2019.

Deiliskipulag U-reits verði í framhaldinu unnið á grundvelli vinningstillögu úr samkeppninni. Ákvörðun verði tekin á síðari stigum varðandi aðra samkeppni, þ.e. hönnunarsamkeppni á sjálfri samgöngumiðstöðinni. Í samræmi við samkomulag Reykjavíkurborgar og ríkis vegna byggingar LSH verði settur á stofn formlegur stýrihópur um vinnu deiliskipulagsins sem hefst í kjölfar samkeppninnar. Í hópnum skulu m.a. sitja fulltrúar Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, LSH og HÍ. Stýrihópurinn fái samkeppnislýsinguna til umfjöllunar.

Athygli borgarráðs er vakin á því að í skýrslu verkefnishóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um nýja flugstöð á Reykjavíkflugvelli frá maí 2018 segir að fýsilegasti kostur fyrir nýja flugstöð við Reykjavíkflugvöll sé í samgöngumiðstöð á BSÍ reit. Í skýrslunni segir jafnframt að lagt sé til að ríkið eigi samstarf við Reykjavíkurborg um hugmyndasamkeppni um BSÍ. Eðlilegt er að leitað verði eftir afstöðu samgönguráðuneytisins til málsins á undirbúningstíma væntanlegrar samkeppni til að taka megi afstöðu til þess í samkeppnislýsingu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Þróun samgöngumiðstöðvar og nánasta umhverfis - þarfagreining og skipulag, dags. október 2018



U-REITUR

# ÞRÓUN SAMGÖNGUMIÐSTÖÐVAR OG NÁNASTA UMHVERFIS

- ÞARFAGREINING OG SKIPULAG



STARFSHÓPUR REYKJAVÍKURBORGAR OG STRÆTÓ BS.

OKTÓBER 2018

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>2. Samantekt</b> .....	<b>3</b>
<b>3. Framtíðarsýn og næstu skref</b> .....	<b>7</b>
3.1 Tillögur um næstu skref .....	7
<b>4. Um U-reit</b> .....	<b>9</b>
4.1 Fyrri vinna .....	13
<b>5. Borgarlína og Strætó</b> .....	<b>15</b>
5.1 Breytingar á leiðakerfi Strætó vegna Borgarlínu .....	15
5.2 Akstursleiðir að/frá U-reit fyrir Borgarlínu og Strætó.....	17
5.3 Fjöldi farþega Borgarlínu og Strætó .....	20
5.4 Rýmisþörf Borgarlínu og Strætó .....	22
<b>6. Ferðaþjónustan</b> .....	<b>25</b>
6.1 Ferðamannafjöldi – nú og spá til framtíðar .....	25
6.2 Flugrúta.....	26
6.3 Landsbyggðarvagnar Strætó.....	27
6.4 Dagsferðir frá BSÍ.....	27
6.5 Fluglest .....	28
6.6 Ferðaþjónustan - samantekt.....	28
<b>7. Aðrir samgöngumáttar</b> .....	<b>30</b>
7.1 Bílaleigur .....	30
7.2 Leigubílar .....	30
7.3 Deilibílar.....	30
7.4 Deilihjólaleiga .....	31
7.5 Vespu- og hjólaleiga .....	31
7.6 Einkabílar og -reiðhjól.....	32
<b>8. Umferðarskipulag</b> .....	<b>33</b>
8.1 Tengingar við göngu- og hjólastígakerfi.....	33
8.2 Flæði umferðar að/frá U-reit.....	33
8.3 Hæðartakmarkanir innan reits .....	34
<b>9. Innra skipulag samgöngumiðstöðvar</b> .....	<b>36</b>
9.1 Þarfagreining innandyra .....	36
9.1.1 Sameiginleg samgöngumiðstöð fyrir flug og landsamgöngur .....	37
9.1.2 Niðurstöður fyrri greininga .....	38
9.2 Rekstrarfyrirkomulag.....	41
9.3 Núverandi bygging BSÍ - Umferðarmiðstöðin .....	42

## 1. Inngangur

Haustið 2017 var stofnaður nýr starfshópur til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið við að undirbúa samkeppni um skipulag U-reits. Á fundi borgarráðs 7. sept. 2017 var samþykkt eftirfarandi tillaga borgarstjóra frá 24. ágúst 2017, ásamt fylgigögnum:

*Lagt er til að skipaður verði starfshópur til þess að undirbúa samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit. Í starfshópnum sitji fulltrúar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, skipulagsfulltrúa, samgöngustjóra og Strætó bs.*

*Starfshópnum skal gert að rýna núverandi gögn ásamt því að uppfæra og bæta við nýjum upplýsingum sem komið hafa fram á undanförunum misserum.*

*Þá skal starfshópurinn greina áhrif borgarlínu á verkefnið og leiðakerfi Strætó, tengingu borgarlínu við samgöngumiðstöð, tækifæri ferðaþjónustunnar í væntanlegri samgöngumiðstöð og margt fleira.*

*Lagt er til að haldnar verði tvær samkeppnir. Í fyrri keppninni verði keppt um útfærslu á deiliskipulagi alls reitsins, en í seinni keppninni verði haldin hönnunarsamkeppni um samgöngumiðstöðina sjálfa og fyrirkomulag nánasta umhverfis hennar.*

*Hér er einungis gert ráð fyrir að skipa dómnefnd fyrir skipulagssamkeppnina en ákvörðun verði tekin á síðari stigum varðandi hönnunarsamkeppni á sjálfri samgöngumiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að dómnefnd gangi endanlega frá samkeppnislýsingu sem starfshópur Reykjavíkurborgar og Strætó hefur lagt drög að.*

Starfshópurinn skipuðu eftirtaldir:

- |                                   |   |
|-----------------------------------|---|
| • Óli Örn Eiríksson, formaður     | Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, Reykjavíkurborg |
| • Jóhannes S. Rúnarsson           | Strætó bs.  |
| • Valgerður Gréta Benediktsdóttir | Strætó bs.  |
| • Ágústa Sveinbjörnsdóttir        | Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar      |
| • Ingvar Jón Bates Gíslason       | Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar      |
| • Þorsteinn R. Hermannsson        | Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar      |

Með hópnum unnu Ólöf Kristjánsdóttir og Albert Skarphéðinsson samgönguverkfræðingar og Rúnar D. Bjarnason umhverfisverkfræðingur hjá Mannviti.

## 2. Samantekt

Skýrsla þessi er afrakstur vinnu starfshóps Reykjavíkurborgar og Strætó bs. sem skipaður var til að undirbúa samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit. Reiturinn afmarkast af Hringbraut í suðri, Gömlu-Hringbraut í norðri, Njarðargötu í vestri og Nauthólsvegi/Barónsstíg í austri. Samkeppnissvæðið er því 68 þús. m<sup>2</sup> að stærð. Í samkeppninni verður kallað eftir stefnu fyrir Hringbraut en hún er skilgreind sem borgargata í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, og einnig svæði undir og sunnan Hringbrautar fyrir tengingu við flughlöð austan við tengibraut (sjá mynd 1).

Í skýrslu verkefnishóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá maí 2018 um nýja flugstöð á Reykjavíkflugvelli var niðurstaðan að flugafgreiðsla í samgöngumiðstöð á BSÍ reit væri áhugaverðasti kosturinn og lagt til að ríkið taki þátt í fyrirhugaðri hugmyndasamkeppni um nýja samgöngumiðstöð á BSÍ reit þ.a. flugstöð gæti verið hluti af hugmyndavinnunni. Í skýrslunni segir að jafnframt verða kallað eftir hugmyndum um hvernig tengja mætti samgöngumiðstöðina við flughlöð austan við tengibraut. Starfshópur Reykjavíkurborgar telur æskilegast að tengingin yrði með með göngum undir Hringbraut og aðgengi farþega í göngin verði innandyrna í samgöngumiðstöðinni. Hugað sé að því að göngin nýttist áfram í framtíðinni óháð flugvellinum.

Sett er fram framtíðarsýn fyrir U-reit (sjá næsta kafla), sem í megindráttum snýr að því að á U-reit verði samgöngumiðað skipulag og samgöngumiðstöð; skiptistöð almenningsamgangna, tengipunktur almenningsamgangna út fyrir höfuðborgarsvæðið og flugafgreiðsla fyrir Reykjavíkflugvöll. Samgöngumiðstöðin og nágrenni hennar verði lifandi og áhugaverður viðkomustaður. Til að styðja við reitinn sem tengipunkt almenningsamgangna og ferðaþjónustu og vistvænna og fjölbreyttra samgöngumáta þarf að gera hann að áfangastað. Það er því mikilvægt að á reitnum verði einnig rými fyrir töluvert byggingarmagn fyrir þjónustu-, atvinnu- og íbúðarhúsnæði.

### Strætó og Borgarlínan

Til að meta áhrif Borgarlínu á Strætó er skoðað hvaða leiðir Strætó eru líklegar til að breytast í Borgarlínu, og hvaða strætóleiðir breytast t.a. aðlagast breyttu kerfi. Fyrst og fremst er um skoðun á akstursleiðum að ræða, hvar þurfi sérreinar, og lögð áhersla á að meta hvaða rými Strætó og Borgarlína þurfi, án þess að fara í breytingartillögur á leiðakerfi. U-reitur verður ein af megin skiptistöðvum almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki gert ráð fyrir að margar leiðir hafi endastöð á U-reit eins og gert var í fyrri greiningu og því er nú g.r.f. minni plássþörf. Við val á akstursleiðum að/frá U-reit er miðað við að leiðir hafi tengingu í sérrými við HÍ. HÍ er með stærstu vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu og stoppistöðin við HÍ ein sú stærsta á svæðinu.

**Farþegar Strætó sem eiga leið í gegnum U-reit í dag, um gömlu Hringbraut, eru um 7.300 á sólahring.** Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er sett markmið um að hlutdeild almenningsamgangna fari úr 4% í 12% árið 2040. Út frá því má áætla að um **29.000 farþegar almenningsamgangna fari í gegnum U-reit árið 2040.** Öll inn-/útstig við bæði BSÍ og Landspítalann eru 2.000 talsins á dag. Þetta er einungis 27% af þeim farþegum sem fer í gegnum svæðið. **Heildarfjöldi inn/útstiga (að meðtöldum skiptifarþegum) reiknast vera um 18.000 á svæðinu öllu árið 2040 og þar af um 10.500 í U-reit.** Skiptifarþegar eru bæði þeir sem skipta innan almenningsamgangna og þeir sem skipta í/úr ferðaþjónustuvögnum. Líklegt er að hlutfall þeirra sem stoppa á svæðinu aukist samhliða stækkun LSH, fjölgun skiptimöguleika milli strætó- og Borgarlínuleiða og aukinni starfsemi á U-reit.

**Við ákvörðun á rýmisþörf Borgarlínu og Strætó á reitnum þarf að gera ráð fyrir eftirfarandi;**

- 6 stæðum í hvora átt með tímajöfnun (3x24m stæði og 3x12m stæði);
- 8 stæðum til hliðar fyrir leiðir sem þurfa að geta stoppað á reitnum og til að hægt verði að hlaða rafmagnsvagna;
- framúrakstursakreinum vegna tímajöfnunar vagna
- og að leiðir geti snúið við.



Gera á ráð fyrir að skiptistöðin (brautarpallar og tilheyrandi) verði undir þaki, með rauntímaupplýsingum um komur og brottfarir og plön verði með snjóbræðslu. Brautarpallar verði í sömu hæð og gólfhæð vagna, þ.a. aðgengi verði þreplaust.

## Ferðapjónustan

Þarfir ferðapjónustunnar og fyrirkomulag samgangna að og frá U-reit var á þessu stigi metið gróflega með tilliti til fjölda ferðamanna. Metin er heildarþörf stæða fyrir ökutæki sem mismunandi aðilar geti leigt óháð því hvaða aðilar eða hvernig ferðapjónusta yrði í boði í framtíðinni. Ljóst er þó að lykilstarfsemi á reitnum í dag er flugrútan þ.a. lögð var áhersla á að meta þarfir hennar.

- Skv. ferðavenjukönnun nota 13% innlendra ferðamanna um Keflavíkflugvöll í dag flugrútuna og um 30% erlendra ferðamanna. Í háannamánuðinum júlí er heildarfjöldi farþega flugrútu um 5.000 farþegar á dag samtals í báðar áttir. M.v. farþegaspá til framtíðar má áætla að **árið 2040 fari þessi fjöldi í 11.600 farþega á dag í júlí. Í framtíðinni er líkleg þörf fyrir stæði á lestunar-/losunarsvæði 5 stæði í júlí, m.v. 15 mín. tíðni.**
- Miðað er við að almenningsamgöngur Strætó á landsbyggðina geti haft upphafs- og endastöð á U-reit, en hún er í dag í Mjódd. Rýmið væri staðsett þ.a. það nýtist í annað ef ekki fyrir landsbyggðarvagna. Hér er því reiknað með að það sé á sama svæði og flugrútan. **Gert er ráð fyrir 3 stæðum fyrir landsbyggðarvagna.**
- Hluti þjónustu flugrútunnar er að skutla/sækja farþega á hótél með skutlum. Í dag eru 15 stæði við BSÍ fyrir skutlur. Árið 2040 verða fleiri farþegar en líklegt að hærra hlutfall þeirra noti bættar almenningsamgöngur. Ef g.r.f. kantstoppi og jafnri dreifingu yfir **háannatímann, með 10 mín. á milli brottfara, er þörf á 6 stæðum fyrir flugrútuskutlur.** Skutlur gætu líklega samnýtt sleppistæði einkabíla.
- Hluti af ferðapjónustunni á BSÍ eru dagsferðir út fyrir höfuðborgarsvæðið. **Gert er ráð fyrir 5-9 stæðum fyrir þá þjónustu.** Líkt og með flugrútuna fylgir dagsferðum skutluþjónusta. Ef gert er ráð fyrir kantstoppi og umferð skutla **sé dreift jafnt yfir háannatíman er þörf á 9 stæðum fyrir dagsferðaskutlur.**
- Ef áform um fluglest ná fram að ganga er þörf á plássi fyrir hana því BSÍ er einn af þeim stöðum sem er til skoðunar sem endastöð, sem yrði þá neðanjarðar. Áhrif hennar á yfirborði yrðu því fyrst og fremst aukning fólksstraums um samgöngumiðstöðina. Þetta yrði stórt verkefni og erfitt að gera ráð fyrir því nú í hugmyndasamkeppni fyrir reitinn. Til að áform um fluglest skapi ekki óvissu um eða tefji uppbyggingu á U-reit væri best ef hægt er að g.r.f. að brautarpallar neðanjarðar verði undir eða sunnan við Hringbraut með ská tengingu upp á yfirborð innan U-reits.

**Gert er ráð fyrir að flugrúta og rútur fyrir dagsferðir sé á sama svæði á reitnum til að samnýta plássið því þessi starfsemi er ekki með sama háannatíma. Fyrir ferðapjónustuna er því g.r.f. í heildina 12-17 stæðum fyrir rútur og 9-12 plássum í kantstoppi fyrir skutlur.** Einnig var metin gróflega þörf annarra samgöngumáta, sjá eftirfarandi töflu. Ætla má að samanlagt fari um 20-25 þús. manns um samgöngumiðstöðina á venjulegum degi árið 2040. Fyrirséð er að þessar magntölur taki breytingum þegar verkefnið þróast áfram og gerð verði nánari þarfagreining fyrir vinnslu deiliskipulags.

Helstu þarfir utandyra		
Almennings-samgöngur	Innan höfuðborgarsvæðisins	<b>Borgarlína:</b> 3 stæði (80 m) í hvora átt. <b>Strætó:</b> 3 stæði (44 m) í hvora átt. Framúrakstursakreinar við brautarpalla, 8 stæði til hliðar fyrir leiðir sem þurfa að stoppa og til að hlaða rafmagnsvagna, og vagnar þurfa að geta snúið við á reitnum.

<b>Ferða- þjónusta</b>	Flugrúta	5 stæði fyrir flugrútu (stórar rútur).
	Landsbyggðarvagnar Strætó	3 stæði fyrir losun/lestun landsbyggðarvagna.
	Dagsferðir	9 stæði hópferðabifreiða fyrir dagsferðir (stórar rútur).
	<b>Heildarfjöldi rúrustæða þegar g.r.f. samnýtingu (50-100% samnýting)</b>	<b>12-17 stæði</b>
	Flugrúta skutlur	6 stæði fyrir smærri hópferðabifreiðar (hótelskutlur) auk þess sem gert er ráð fyrir að þær muni samnýta sleppistæði einkabíla.
	Dagsferðir skutlur	9 stæði fyrir skutlur fyrir dagsferðir.
	<b>Heildarfjöldi skutlustæða þegar g.r.f. samnýtingu (50-100% samnýting)</b>	<b>9-12 stæði</b>
<b>Aðrir samgöngu- mátar</b>	<b>Bílaleigur</b>	<b>20-30 afgreiðslustæði</b> í bílastæðahúsi.
	<b>Leigubílar</b>	<b>10-15 stæði í röð</b> fyrir utan samgöngumiðstöð.
	<b>Deilíbílaleiga</b>	<b>5-10 stæði</b> fyrir utan samgöngumiðstöð.
	<b>Deilihjólaleiga</b>	<b>20 afgreiðslustæði</b> við/í samgöngumiðstöð.
	<b>Vespu- og hjólaleiga</b>	<b>20 afgreiðslustæði fyrir hjól</b> og <b>10 afgreiðslustæði fyrir vespur</b> við samgöngumiðstöð. Einnig mögulegt „lagersvæði“ í bílastæðahúsi fjær.
	<b>Einkabílar</b>	<b>Að hámarki 0,7 stæði fyrir hverja 100 byggða m<sup>2</sup></b> (skoðað nánar við deiliskipulagsgerð) í <b>bílastæðahúsum</b> á reitnum.
	<b>Einkareioðhjól</b>	<b>Að lágmarki 3 hjólastæði fyrir hverja 100 byggða m<sup>2</sup></b> , yfirbyggð eða í húsum víðsvegar um reitinn.
	<b>Vörumóttaka</b>	Aðskilin vörumóttaka fyrir þjónustu í húsinu.

Gera skal ráð fyrir að bílaleigur og almenningsbílastæði verði í bílastæðahúsum á reitnum en ekki endilega við samgöngumiðstöðina. Æskilegt er að bílastæðum verði dreift í fleiri en eitt bílastæðahús og þau séu þannig staðsett að sem mest samnýting náist. Bílastæði eiga þó að skoðast með hliðsjón af nýjum reglum sem eru í vinnslu hjá Reykjavíkurborg og verða að öllum líkindum færri en ofangreint. Verður skoðað nánar í deiliskipulagsvinnu.

### Umferðarskipulag

Skoðað var hvernig flæði umferðar getur verið, bæði að/frá U-reit og innan reitsins. Æskilegar akstursleiðir fyrir almenningsamgöngur að/frá reitnum m.v. úr hvaða áttum áætlaðar Borgarlínu- og Strætóleiðir komi í framtíðinni og m.v. framtíðarskipulag LSH og Snorrabrautar/Nauthólsvegar. Reiknað er með að almenningsamgöngur úr austri komi að U-reit í gegnum LSH reit (Neðri götu) og að leiðir af Snorrabraut og úr austanverðri Vatnsmýri (HR og Kársnesbrú) aki Snorrabraut og komi því einnig inn á U-reit eftir Neðri götu á LSH reit. Reiknað er með að tenging á/af reitnum til vesturs verði við gatnamót Hringbrautar og Njarðargötu og sérrými gæti legið meðfram Hringbraut, norðan við hana. Einnig geti almenningsamgöngur tengst Sóleyjargötu og Barónsstíg, en ekki endilega í sérrými.



Samgöngumiðstöðin verður tengipunktur ólíkra samgöngumáta og mikilvægt að göngu- og hjólaleiðir verði mjög góðar. Tryggja þarf góðan göngu- og hjólaás um Sóleyjargötu sem tengingu við miðborgina sem og tengingar á Skólavörðuholt, við LSH, HÍ og HR.

Hæðartakmarkanir eru á húsum vegna hindranaflata Reykjavíkurflugvallar. Haga ætti hönnun þ.a. hægt verði að hækka hús í framtíðinni. Hæðartakmarkanirnar eru mestar vestast og syðst. Einnig þarf að huga að hljóðvist vegna umferðar um Hringbraut, sem er sömuleiðis syðst á reitnum.

Sýnd er tillaga um meginlínur í flæði umferðar. Þegar tekin eru saman atriði sem hafa áhrif á staðsetningu samgöngumiðstöðvar á reitnum, þ.e. aðkomur almenningsgangna, rýmispörf brautarpalla, hæðartakmarkanir bygginga og hljóðvist þá er **æskilegt að samgöngumiðstöðin og umferðarmannvirki tengd henni verði á syðri hluta reitsins og þannig sunnan við meginæð Borgarlínu í gegnum reitinn**. Norðan við meginæð Borgarlínu, skapast þá rými fyrir blandaða byggð, í góðri tengingu við Þingholtin.

### Samgöngumiðstöð innandyra

Ekki var farið ítarlega í þarfagreiningu á stærðum svæða innandyra, en gerðir grófir útreikningar á áætlaðri stærð biðsvæða út frá farþegaspám. Svæði fyrir almenningsgöngu- og rútufarþega er áætlað að þurfi að vera um 2.600 m<sup>2</sup>. Í greiningu frá árinu 2005 var gert ráð fyrir samnýtingu húsnæðis með innanlandsflugi og þörf fyrir húsnæðið allt í heildina um 6.500 m<sup>2</sup>. Til samanburðar er stærð BSÍ í dag um 1.500 m<sup>2</sup>. Samgöngumiðstöð í Osló með sambærilegan farþegafjölda er um 6.000 m<sup>2</sup>.

Í skýrslu verkefnishóps samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins frá maí 2018 um nýja flugstöð á Reykjavíkurflugvelli er gert ráð fyrir að flugstöðvarhlutinn í sameiginlegri samgöngumiðstöð þyrfti að vera 2.500 m<sup>2</sup>. **Miðað við þessar tölur má reikna með að sameiginleg samgöngumiðstöð þyrfti að vera um 5.000-6.500 m<sup>2</sup>.**

Í húsinu ætti að gera ráð fyrir þjónustu á borð við; afgreiðsluáðstöðu fyrir bílaleigur; upplýsingar um almenningsgöngur, ferðþjónustumöguleika o.fl.; sjálfsölum til farmiðakaupa og þjónustuborði og aðstöðu til veitingasölu, verslunar og þjónustu. Líklega mun töluverður fjöldi fólks versla á leið heim úr vinnu eða nýta sér aðra þjónustu. Lagt er til að óháður aðili sjái um rekstur samgöngumiðstöðvar, sjái um útboð á aðstöðu, standi fyrir dagskrá í húsinu sem geri það eftirsóknarverðan viðkomustað, sjái um rekstur þjónustuborðs, setji reglur um opnunartíma, og reki sameiginlega aðstöðu (líkt og td. Kringlan).

Framkvæmd var einföld sjónskoðun á núv. byggingu BSÍ og gert gróft mat á kostnaði við endurbyggingu. Um 150 m.kr. sparnaður er áætlaður af því að nýta núverandi byggingu. Í umsögn Minjastofnunar frá 2014 segir að stofnunin telji bygginguna hafa ótvírætt varðveislugildi og muni leggja gegn því að hún verði rifin, komi tillaga um slíkt fram. Þar segir jafnframt að hins vegar mæli ekkert á móti því að byggingin verði endurnýjuð og stækkuð. Miðað við skoðun á flæði samgangna og rými fyrir aðra byggð á reitnum myndi notkun á núverandi byggingu ekki henta vel. **Í fyrri vinnu við undirbúning samkeppni um U-reit var ákveðið að halda því opnu í samkeppninni hvort BSÍ standi eða víki. Niðurstaða starfshópsins nú er að það sé óheppilegt og geri bæði þátttakendum og dómnefnd erfitt fyrir, afstaða um þetta þurfi að liggja fyrir í keppnislýsingu. Niðurstaða starfshópsins er að kalla eftir afstöðu Borgarráðs um það hvort núverandi bygging BSÍ eigi að standa eða víkja. Ef byggingin á að standa er þó mikilvægt að fram komi að byggja megi við hana og henni geti verið fundið annað hlutverk en samgöngumiðstöð.**

### 3. Framtíðarsýn og næstu skref

Á U-reit verði samgöngumiðað skipulag og samgöngumiðstöð; skiptistöð almenningssamgangna, tengipunktur almenningssamgangna út fyrir höfuðborgarsvæðið og flugafgreiðsla fyrir Reykjavíkurlugvöll. U-reitur er í nágrenni stærstu og fjölmennustu vinnustaða landsins og miðborgar Reykjavíkur. Þar gefst því einstakt tækifæri til að flétta saman almenningssamgöngur, hjólréiðar og aðra vistvæna samgöngumáta.

**Mikilvægt er að göngu- og hjólaleiðir að og frá miðstöðinni verði mjög góðar og öll hönnun gefi skýr skilaboð um að þessir ferðamátar séu í fyrsta forgangi um svæðið og að því. Þegar í upphafi verði boðið upp á hjólageymslur og hjólaleigu.**

#### *Fyrsta/síðasta upplifun íbúa og gesta af höfuðborgarsvæðinu*

Til að samgöngumiðstöðin og nágrenni hennar verði lifandi og áhugaverður viðkomustaður skal skipulag, arkitektúr og landslagshönnun vera í miklum gæðum og bjóða upp á úrvals upplifun fyrir notendur. Til að styðja við reitinn sem tengipunkt fjölbreyttra vistvænna samgöngumáta þarf að gera hann að áfangastað. Það er því mikilvægt að á reitnum verði einnig rými fyrir töluvert byggingarmagn fyrir þjónustu-, atvinnu- og íbúðarhúsnæði til viðbótar við samgöngumiðstöð. Því skiptir máli að koma samgöngumiðstöð sem haganlegast fyrir þannig að sem minnst rými fari undir athafnasvæði hennar, byggingu og akstursleiðir. Þessi miðstöð vistvænna samgangna og umhverfi hennar verði hannað á vistvænan hátt og vottað sem slíkt.

#### *Tengipunktur innan og út fyrir höfuðborgarsvæðið*

Samgöngumiðstöðin þjóni samgöngum á landi og í lofti; verði ein af meginskiptistöðvum almenningssamgangna innan höfuðborgarsvæðisins, Borgarlínu og Strætó; þjóni sem upphafs- og endastöð fluglestar og annarra hópferðabifreiða út fyrir höfuðborgarsvæðið; verði tengipunktur við aðra ferðamáta (gangandi vegfarendur, hjólréiðar, deilibíla, leigubíla og einkabíla); og í henni verði flugafgreiðsla fyrir Reykjavíkurlugvöll.

#### *Samgöngumiðað skipulag í grennd við fjölmennustu skóla og vinnustaði*

Eitt af meginmarkmiðum hugmyndasamkeppni er að kalla eftir hugmyndum um heildarlausn fyrir reitinn. Það landrými sem ekki fer undir samgöngumiðstöð verði skipulagt með áherslum á vistvænar samgöngur. Þar rísi byggð samkvæmt hugmyndafræði um samgöngumiðað skipulag (Transit Oriented Development), sem nýtur nálægðarinnar við samgöngumiðstöðina, Landspítalann og Vatnsmýrina sem framtíðarsvæði háskólanna.

#### *Hugsað til framtíðar*

Samgöngumiðstöð á U-reit verði ein af lykilskiptistöðvum Borgarlínu, þ.e. hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu sem getur þróast yfir í léttlestakerfi í framtíðinni. Við skipulag og hönnun næsta nágrennis, svo sem Vatnsmýrarinnar og útfærslu Hringbrautar verði skapað aðlaðandi borgarumhverfi, breiðstræti í borg, í samspili og samhengi við skipulag U-reits og framtíðarbyggð í Vatnsmýri.

#### 3.1 Tillögur um næstu skref

1. **Samþykki framtíðarsýnar:** Borgarráð leiti afstöðu skipulags- og samgönguráðs og stjórnar Strætó bs. til ofangreindrar framtíðarsýnar um alhliða samgöngumiðstöð á umferðarmiðstöðvarreit.
2. **Umferðarskipulag – flæði umferðar að/frá U-reit:** Framkvæmd verði hermun á umferðarflæði á annatíma árdegis- og síðdegis til að greina hvar flöskuhálsar verða í kerfinu og hvernig best er að leysa úr þeim. Áfram verði haldið samvinnu við Vegagerðina og fulltrúar LSH verði einnig kallaðir að þessum hluta verkefnisins en fyrir liggur áætlun um að 34-52 strætisvagnar/klst muni aka gegnum LSH svæðið á háannatíma. Í kjölfarið verði unnin áætlun um framkvæmdir sem tryggir að fullnægjandi samgöngukerfi verði til staðar við opnun samgöngumiðstöðvar.

**3. Hugmyndasamkeppni um samgöngumiðstöð og skipulag U-reits:** Samhliða hermunarvinnu verði hugmyndasamkeppni undirbúin, þ.e. útgáfa á drögum að samkeppnislýsingu sem unnið hefur verið að, skipun dómnefndar o.fl. Hluti af samkeppnisgögnum verði þessi skýrsla starfshóps. Samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit verði, ásamt nýju útliti Hringbrautar og samhengi við nálæga byggð, auglýst haustið 2018 þannig að niðurstöður liggi fyrir á fyrri hluta árs 2019. Deiliskipulag U-reits verði í framhaldinu unnið á grundvelli vinningstillögu úr samkeppninni. Ákvörðun verði tekin á síðari stigum varðandi aðra samkeppni, þ.e. hönnunarsamkeppni á sjálfri samgöngumiðstöðinni. Í samræmi við samkomulag Reykjavíkurborgar og ríkis vegna byggingar LSH verði settur á stofn formlegur stýrihópur um vinnu deiliskipulagsins sem hefst í kjölfar samkeppninnar. Í hópnum skulu m.a. sitja fulltrúar Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, LSH og HÍ. Stýrihópurinn fái samkeppnislýsinguna til umfjöllunar.

## 4. Um U-reit

U-reitur (Umferðarmiðstöðvarreitur) afmarkast af Hringbraut í suðri, Gömlu-Hringbraut í norðri, Njarðargötu í vestri og Nauthólsvegi/Barónsstíg í austri. Deiliskipulagsmörkin ná að lóðamörkum lóða við Sóleyjargötu til að ná fram heildstæðri götumynd Gömlu Hringbrautar. Í vestri ná þau út fyrir Njarðargötu til að ná fram heildstæðri götumynd hennar. Í austri er miðað við að deiliskipulagsmörkin nái að deiliskipulagsmörkum LSH reits og í suðri nái þau að kantlínunum Hringbrautar. Deiliskipulagssvæðið er því 68 þús. m<sup>2</sup> að stærð. Á mynd 1 hér fyrir neðan er afmörkun samkeppnissvæðisins sýnd. Í samkeppninni verður kallað eftir stefnu fyrir Hringbraut (sjá skástríkað svæði á mynd 1) en hún er skilgreind sem borgargata í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, og einnig svæði undir og sunnan Hringbrautar fyrir tengingu við flughlöð austan við tengibraut.

Í skýrslu verkefnishóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá maí 2018 um nýja flugstöð á Reykjavíkurflugvelli voru metnar þrjár mögulegar staðsetningar fyrir flugstöð. Niðurstaða hópsins var að flugafgreiðsla í samgöngumiðstöð á BSÍ reit væri áhugaverðasti kosturinn. Í skýrslunni segir: „Í slíkri hugmyndasamkeppni myndi þá jafnframt verða kallað eftir hugmyndum þátttakenda um hvernig tengja mætti samgöngumiðstöðina við flughlöð austan við tengibraut. Tengingin yrði að vera með göngum undir Hringbrautina eða yfirbyggðum rana og götu að flughlaði.“ Starfshópur Reykjavíkurborgar telur æskilegast að tengingin yrði með með göngum undir Hringbrautina og aðgengi farþega í göngin verði innandyra í samgöngumiðstöðinni. Hugað sé að því að göngin nýtist áfram í framtíðinni óháð því hvort flugvöllurinn verður í Vatnsmýrinni eða ekki.

Mörk deiliskipulagssvæðis U-reits ná yfir lóðina Hringbraut 12, þar sem N1 er í dag. Lóðaleigusamningur um Hringbraut 12 rann út 31. desember 2016. Í samningi er gert ráð fyrir að hann megi framlengja til 1. janúar 2022. Borgin gerir ekki ráð fyrir að hann verði framlengdur umfram það.



**Mynd 1: Afmörkun svæðis U-reits fyrir samkeppni. Einnig verður kallað eftir stefnumörkun fyrir Hringbraut (skástríkað svæði) og svæði undir og sunnan Hringbrautar fyrir tengingu við flughlöð austan við tengibraut.**



Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er U-reitur merktur sem þróunarsvæði og um það segir: „Þ22 BSÍ-reitur. Samgöngumiðstöð, fjölbreytt verslun og þjónusta, mögulega skrifstofur og íbúðir.“ Allar göturnar sem umlykja reitinn, þ.e. Hringbraut, Njarðargata, Gamla-Hringbraut og Barónsstígur, eru skilgreindar sem borgargötur í Aðalskipulaginu. Það þýðir að á þeim verði sérstök áhersla lögð á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götummynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.<sup>1</sup>

Í maí 2018 samþykktu öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna samgöngu- og þróunarása fyrir hágæðakerfi almenningsamgangna – Borgarlínu.<sup>2</sup> Í framtíðarsýn sveitarfélaganna vegna breytinganna segir: „Búast má við að íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgi um a.m.k. 60.000 til ársins 2040 og verði þá um 275.000 talsins, sem felur í sér talsverða aukningu í umferð. Til að bregðast við því hafa sveitarfélögin ákveðið að efla almenningsamgöngur til að stuðla að skilvirku umferðarkerfi á höfuðborgarsvæðinu. Umferðarspár sýna að óbreyttar ferðavenjur munu valda því að þjónustustig versnar og umferðartafir aukast, þrátt fyrir gríðarlegar fjárfestingar í nýjum umferðarmannvirkjum. Þess vegna eru afkastamiklar almenningsamgöngur mikilvægar fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins.“ Þar segir einnig: „Forsenda þess að Borgarlína verði vel nýtt er annarsvegar nægjanlegur þéttleiki íbúa og starfa og hinsvegar gott aðgengi að stöðvum. Þróunarásar myndast innan skilgreindra áhrifsvæða Borgarlínustöðva. [...] Lögð er áhersla á að skipulag þróunarása sé samgöngumiðað (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.“ Gert er ráð fyrir að á þróunarsvæðum Borgarlínu verði gerðar kröfur um hámarks fjölda bílastæða og lágmarks fjölda hjólastæða.<sup>3</sup>


Í drögum frá maí 2017 að breytingartillögu á Aðalskipulagi Reykjavíkur til að innleiða Borgarlínu er kjarnastöð sýnd á U-reit og áhrifsvæði í kring. Þar kemur fram að í Reykjavík er gert ráð fyrir 7 kjarnastöðvum; BSÍ, Hlemm, Glæsibæ, Kringlu, Vogabyggð, Breiðhöfða og Mjódd. Meðfram Borgarlínu er skilgreint þróunarsvæði og á því er stefnt að þéttingu byggðar. Þar er gert ráð fyrir verslun, þjónustu, stofnunum og opinberri þjónustu og áhersla á að staðsetja slíka starfsemi á þróunarsvæði kjarnastöðva, ásamt íbúðarbyggð. Á þróunarsvæðum skal byggja fjölbreyttar stærðir húsnæðis og bjóða upp á blöndun leiguhúsnæðis, eignaríbúða og búseturéttaríbúða. Þetta er gert til að uppfylla fjölbreyttar þarfir íbúa og til þess að stuðla að því að fjölbreyttur hópur fólks búi á og hafi aðgengi að Borgarlínu. Gert er ráð fyrir að uppbygging og frekari forgangsröðun á þróunarsvæði Borgarlínu verði nánar útfærð í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að lágmarks nýtingarhlutfall í 600m rásfalli í kringum kjarnastöð verði 1,0. Bílastæði neðanjarðar eru undanskilin nýtingarhlutfalli á þróunarsvæði, en sérstakar kvaðir eru settar um hámarks fjölda bílastæða á þróunarsvæðum.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, B-hluti, Miðborg.

<sup>2</sup> www.ssh.is

<sup>3</sup> SVÆÐISSKIPULAGIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040 Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi Samgöngu- og þróunarása fyrir hágæðakerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu – Borgarlína. Nóvember 2017.

<sup>4</sup> Vinnslutillaga vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 Afmörkun samgöngu- og þróunarása höfuðborgarsvæðisins. Maí 2017. VSÓ Ráðgjöf fyrir Reykjavíkurborg.



Mynd 2: Leiðir Borgarlínu og kjarnastöðvar skv. breytingartillögu Aðalskipulags Reykjavíkur frá maí 2017.

Flugvöllur í Vatnsmýri setur skorður á hæðir bygginga á U-reit. Mynd hér að neðan sýnir hindranaföt N/S flugbrautar Reykjavíkflugvallar sem ekki má skera með mannvirkjum. Tölurnar á myndinni merkja hæð yfir sjávarmáli. Skv. borgarvefsjá er hæð á plani við BSÍ í dag um 8 m.y.s.



Mynd 3: Hindranafötur N/S brautar Reykjavíkflugvallar (U-reitur er sýndur með grænum lit).

Í hugmyndasamkeppninni þarf að huga að hæðartakmörkunum húsa vegna hindranafötanna, sem eru mestar vestast og syðst á reitnum. Á mynd 18 aftar í skýrslunni má sjá hvaða skorður þetta setur varðandi hæðir bygginga á reitnum. Æskilegt væri að haga hönnun þ.a. mögulegt væri að hækka byggingar í framtíðinni, þ.e.a.s. að hönnun reitsins verði sem best hvort sem flugvöllurinn er í Vatnsmýrinni eða ekki. Einnig þarf að huga að hljóðvist vegna umferðar um Hringbraut, sem er sömuleiðis syðst á reitnum.




**Starfshópurinn skoðaði gróflega hvert væri mögulegt uppbyggingarmagn á reitnum miðað við bæði hæðartakmarkanir vegna hindranaflata og það rými sem samgöngumannvirki þurfa. Hægt að koma fyrir nægu byggingarmagni til að uppfylla kröfuna í breytingartillögunni á Aðalskipulaginu um lágmarks nýtingarhlutfall 1,0.**



**Mynd 4: Skilgreining á reitum A, B, U og C skv. samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og ríkisins.**

Í samkomulagi ríkis og Reykjavíkurborgar um lóðir og skipulagsmál í tengslum við framtíðaruppbyggingu Landspítala og Háskóla Íslands norðan Hringbrautar frá 16. mars 2012 segir m.a.: „Að mati forsvarsmanna LSH og HÍ mun það byggingarmagn sem fyrirbyggjandi skipulagstillaga lóðar LSH (A- og B-reita) gerir ráð fyrir vera fullnægjandi fyrir þarfir spítalans og HÍ a.m.k. næstu 30 ár.“ Í samkomulaginu kemur fram að aðilar eru sammála um að LSH/HÍ/ríkið eigi ekki tilkall til byggingaréttar á U-reit en uppbygging á þeim reit varði engu að síður hagsmuni þeirra. Við skipulagningu U-reits skal taka sérstakt tillit til þróunar starfsemi Landspítalans og Háskóla Íslands til langrar framtíðar. Í fimmtu grein samkomulagsins segir að þegar ákveðið verður að hefja endurskoðun skipulags á U-reit verði skipaður formlegur stýrihópur um vinnu deiliskipulagsins, en í hópnum skulu m.a. sitja fulltrúar Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, LSH og HÍ. Deiliskipulagsvinnan verði undir forystu Reykjavíkurborgar.

Á árinu 2018 munu framkvæmdir við B-reit, nýja LSH, hefjast og er áætlað að þær muni vara í 7 ár, eða til ársins 2025. Framkvæmdirnar verða áfangaskiptar og mismunandi eftir áföngum hvernig aðgengi verður um Barónsstíg á svæðinu milli U-reits og B-reits.



Mynd 5: Nýr Landspítali við Hringbraut – tillaga frá 24. okt. 2017 að breytingu á deiliskipulagi.

## 4.1 Fyrri vinna

### Skýrsla vinnuhóps frá febrúar 2013

Í nóvember 2012 var með erindisbréfi borgarstjóra skipaður vinnuhópur Reykjavíkurborgar og Strætó bs. undir forystu Hrólfs Jónssonar. Hópnun var falið að vinna hugmyndir að breyttu leiðakerfi Strætó til að tengja BSÍ betur, vinna þarfagreiningu fyrir BSÍ og leggja fram tillögur að rekstrarfyrirkomulagi í húsinu, gera forsögn fyrir gerð deiliskipulags fyrir U-reit og vinna hugmyndir um framtíðarnotkun Hlemms. Hópurinn skilaði af sér skýrslu í mars 2013 og drögum að keppnislýsingu fyrir hugmyndasamkeppni fyrir deiliskipulag U-reits. Þið varð á auglýsingu samkeppninnar sem varð til þess að á ný var stofnaður starfshópur í september 2017 sem vann þessa skýrslu nú. Hún byggir á miklu leyti á vinnu fyrri hópsins, þ.e. fyrirkomulag vinnunnar, skýrslu starfshóps og keppnislýsingar er svipað, en ýmsar forsendur, upplýsingar og stefnumörkun uppfærð.

Helstu breytingar varðandi forsendur og stefnumörkun eru að nú eru breyttar forsendur vegna Borgarlínu, sérstaklega um hlutverk Hlemms. Þá var áhersla á að BSÍ yrði aðalsamgöngumiðstöð höfuðborgarsvæðisins, nú er áhersla á að BSÍ verði ein af nokkrum lykilstöðvum. Nú var því sett áhersla á að meta þörf fyrir hvar akstursleiðir þurfi að vera, þ.e. hvaða leiðir almenningssamgöngur þurfa að geta farið. Í fyrri vinnunni var einnig umfjöllun um samþættingu skóla- og frístundaaksturs, en það var ekki hluti verkefnisins nú.

Einnig eru nú breyttar forsendur vegna ferðapjónustunnar, en umfang hennar hefur aukist gríðarlega á allra síðustu árum.

### Samráð í fyrri vinnu

Í undirbúningi skýrslu vinnuhóps árið 2013 var haft samráð við eftirtalda aðila:

- Fundað var með fulltrúum Vegagerðarinnar vegna tillagna um forgang umferðar almenningssamgangna að og frá U-reit.
- Fundað var með fulltrúa frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

- Samráðsfundur var haldinn með SAF (Samtök ferðaþjónustunnar) um þarfagreiningu fyrir starfsemi ferðaþjónustunnar á reitnum til að kalla eftir athugasemdum og tillögum.
- Skv. samkomulagi Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis var skipaður samráðshópur í lok árs 2013, sem fékk kynningu á verkefninu í fyrri vinnu og reiknað var með að hann myndi svo starfa áfram með dómnefnd og síðar skipulagshöfundum.
- Í fyrri vinnu var einnig haft samráð við leigubílaáðila (Bifreiðastjórafélagið Fram).

### Skýrsla um leiðakerfisbreytingar frá janúar 2016

Í skýrslu frá 2016 voru gerðar ýmsar tillögur að breytingum á leiðakerfi Strætó. Meðal annars voru settar fram tillögur að töluverðum breytingum í Vesturbæ og einnig í Hlíðum. Meðal helstu ályktana voru:

- Stýrihópur telur að flutningur á meginskiptistöð almenningsamgangna frá Hlemmi á U-reit (BSÍ) krefjist ekki mikilla breytinga á leiðakerfi almenningsamgangna. Hægt verði að byggja upp gott leiðarkerfi með meginskiptistöð á BSÍ.
- Mat stýrihópsins er að bætt aðstaða almenningsamgangna með flutningi meginskiptistöðvar geti í heildina verið jákvæð. Umsagnir um drög að skýrslu stýrihóps hverfast alla jafna ekki um flutning meginskiptistöðvar heldur önnur atriði sem hafa verið tekin til skoðunar eða verða áfram til skoðunar.
- Að mati stýrihóps er hægt að breyta leiðakerfinu í skrefum fram að flutningi meginskiptistöðvar og byrja að breyta stökum akstursleiðum haustið 2016.

Meðal þess sem kom fram í skýrslunni 2016 er að leiðir 1, 3 og 6 hætti að aka um Lækjartorg og að Hlemmi sem er upphafs- og endastöð leiðanna í dag. Leiðirnar aki um Sóleyjargötu, Fríkirkjuveg og Vonarstræti og byrji/endi á U-reit. Þetta er ekki í samræmi við núverandi hugmyndir um akstursleiðir Borgarlínu þar sem allar leiðir hennar tengja saman BSÍ og Hlemm.

## 5. Borgarlína og Strætó

Í undirbúningsvinnu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir U-reit var gefin út skýrsla um leiðakerfisbreytingar árið 2013 og í janúar 2016 gaf stýrihópur Reykjavíkurborgar út nýja skýrslu um leiðakerfisbreytingar. Í þessum kafla er farið yfir eftirfarandi verkefni:

1. **Tillögur að breytingum á leiðakerfi Strætó bs. vegna Borgarlínu:** SSH hafa síðustu misseri unnið greiningarvinnu um hágæðakerfi almenningssamgangna, Borgarlínu, og lagt fram stefnu um legu hennar með skýrslu frá maí 2017. Áætla þarf hvaða breytingar það gæti haft í för með sér fyrir leiðakerfi Strætó á og við U-reit þ.a. það grundvallist á stefnumörkun um Borgarlínu og þeim frumdrögum að legu hennar sem liggja fyrir.
2. **Samgönguskipulag að/frá U-reit:** Uppfærð skoðun á fyrirkomulagi samgangna að og frá U-reit með tilliti til hönnunarþátta Borgarlínu og almenns forgangs almenningssamgangna.
3. **Þarfagreiningu samgöngumiðstöðvar á U-reit:** Uppfærð notendaspá út frá stefnu um aukningu í hlutdeild almenningssamgangna í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins.
4. Þetta hefur áhrif á magntölur um fjölda farþega sem var forsenda skipulags útsvæða. Því er þörf á að **uppfæra frum-þarfagreiningu á stærðum svæða utandyra** fyrir almennings-samgöngur.

### 5.1 Breytingar á leiðakerfi Strætó vegna Borgarlínu

Í þessum kafla er leitast við að svara spurningum um hvaða áhrif Borgarlínan er líkleg til að hafa á leiðir Strætó, td. hvaða leiðir Strætó eru líklegar til að detta út með tilkomu Borgarlínu (breytast í Borgarlínu) og hvaða strætóleiðir myndu breytast til að aðlagast breyttu kerfi. Fyrst og fremst er um skoðun á akstursleiðum að ræða, hvar Strætó og Borgarlína þurfa sérreinar og lögð er áhersla á að meta það rými sem Strætó og Borgarlína þurfa fyrir sína starfsemi án þess að fara í nákvæmar breytingartillögur á leiðakerfi einstakra leiða. Þetta er gert til að halda inni sveigjanleika fyrir áframhaldandi breytingum á leiðakerfinu í framtíðinni.

Enn er ekki búið að ákveða hversu margar leiðir Borgarlínu munu aka um reitinn, né hvernig Strætóleiðir munu aðlagast Borgarlínu, hvaða leiðir munu detta út eða hvernig mögulegar nýjar leiðir myndu aka. Því geta forsendur breyst og rýmisþörf og akstursleiðir einnig. Þær umræður sem koma fram hér eru hugmyndir um mögulegar útfærslur nokkurra leiða og hvernig fyrirkomulag leiðakerfis mun vera, en þar sem nákvæmari heildstæð greining og útfærsla á öllu leiðakerfinu liggur ekki fyrir getur margt breyst.

Í samþykktu tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna samgöngu- og þróunarása fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna – Borgarlínu, segir:<sup>5</sup> „Í undirbúningsvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er miðað við að Borgarlínan verði hraðvagnakerfi. Það sem einkennir slík kerfi, óháð því hvort um er að ræða hraðvagna eða léttlestir, er í megindráttum þrennt:

- Í fyrsta lagi ferðast vagnarnir á sérakreinum og fá forgang á gatnamótum. Þannig fæst áreiðanleiki og hraði og ferðatími er samkeppnishæfari við aðra ferðamáta.
- Í öðru lagi er tíðni ferða mikil. Algeng tíðni vagna er 5-10 mínútur en þar sem þörf er á meiri afkastagetu getur hún farið í um 2 mínútur.
- Í þriðja lagi eru biðstöðvar yfirbyggðar og vandaðar, með farmiðasjálfsölum og upplýsingaskiltum sem sýna í rauntíma hvenær næsti vagn kemur. Aðgengi er fyrir alla þar sem vagnarnir stöðva þétt upp við brautarpalla sem eru í sömu hæð og gólf vagnanna.“

Almenningssamgöngukerfið mun þá samanstanda af Borgarlínu og Strætó í samhæfðu kerfi.

<sup>5</sup> [www.ssh.is](http://www.ssh.is)



Með aukinni tíðni leiða, eins og hugmyndafræði Borgarlínu gengur út á, minnkar þörf fyrir að leiðakerfið sé byggt upp sem púlsakerfi, eins og leiðakerfi Strætó hefur verið byggt upp. Þess má geta að þegar er byrjað að vinna að þessu í leiðakerfi Strætó með 10 mín. tíðni á leiðum 1 og 6. Með púlsakerfi er átt við að tímatöflur leiða séu stilltar þannig að þær séu á sama tíma á skiptistöðvum. Eftir því sem tíðni leiðar er meiri því minni bið er á skiptistöðvum og þá minni þörf fyrir slíkt kerfi. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort púlsakerfið verði almennt til framtíðar en greiningavinnan miðar við að á BSÍ verði ekki púlsar. Það þýðir að ekki þarf eins mikið pláss á skiptistöðinni fyrir vagna í bið eins og gert var ráð fyrir í fyrri greiningarvinnu. Þrátt fyrir það þá mun Strætó ekki lengur geta tímajafnað á Hlemmi og verður því BSÍ mikilvægari sem tímajöfnunarstopp og mögulega kaffi/klósettstopp fyrir einhverjar leiðir.

Einnig er horfið frá því að líta á U-reit sem einu aðalmiðstöðina í leiðakerfi Strætó, heldur litið á hana sem eina af mörgum skiptistöðvum almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Það er því ekki gert ráð fyrir að margar leiðir hafi endastöð á U-reit eins og gert var í fyrri greiningu og því er gert ráð fyrir minni plássþörf nú.

Í skýrslu COWI frá maí 2017 er stillt upp tillögu að leiðakerfi Borgarlínu eftir valkostagreiningu sem byggði á ýmsum þáttum og öll sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins komu að. Sjá eftirfarandi mynd.<sup>6</sup>




Mynd 6: Tillaga að leiðakerfi Borgarlínu skv. skýrslu COWI frá maí 2017.

Í skýrslu COWI eru allar leiðir Borgarlínu teiknaðar þ.a. þær tengi saman BSÍ og Hlemm. Þar er reiknað með að 3 leiðir séu með endastöð á BSÍ (tvær þeirra aki um Hlemm á leiðinni að BSÍ) og 3 leiðir verði með endastöð á Hlemmi (þær aki um BSÍ á leiðinni á Hlemm).

<sup>6</sup> Borgarlína – greining á línunum. COWI. Maí 2017.

[http://ssh.is/images/stories/svaedisskipulag/Borgarlina/Progress\\_report\\_icelandic.m.pdf](http://ssh.is/images/stories/svaedisskipulag/Borgarlina/Progress_report_icelandic.m.pdf)



**Mynd 7: Tillögur að akstursleiðum Borgarlínu milli BSÍ og Hlemms skv. minnisblaði COWI frá apríl 2017.<sup>7</sup>**

Með þessu fyrirkomulagi akstursleiða Borgarlínu milli BSÍ og Hlemms er Hlemmur endastöð leiða A, C2 og C3 og BSÍ endastöð leiða B1, B2 og D2. Þegar Borgarlínukerfið er hugsað sem heild, þ.e. þegar það verður allt komið í notkun í framtíðinni, þá er með þessum akstursleiðum Borgarlínu milli BSÍ og Hlemms mikill samhliða akstur leiðanna. Í því samhengi ræddi starfshópurinn um að reyna að takmarka það að BSÍ og Hlemmur séu endastöðvar og tengja saman þær leiðir sem hægt er. Hér er því miðað við að leið C2 úr Fellum haldi áfram í gegnum U-reit og sé líka leið D2 út á Seltjarnarnes. Einnig kom til umræðu að leið A (HFJ) fari ekki á Hlemm heldur fari frá BSÍ að HÍ og snúi við með hring í kringum Tjörnina.

Í minnisblaði COWI frá apríl 2017 um aðlögun strætókerfisins vegna Borgarlínu koma fram tillögur um að:

- Leið 1 breytist í Borgarlínu A (HFJ). Fer neðri götu LSH og Sóleyjargötu að Tjörninni.
- Leið 3 breytist í Borgarlínu C2 (FELL). Fer neðri götu LSH og Sóleyjargötu að Tjörninni.
- Leið 6 breytist í Borgarlínu B (MOS/GRV). Fer Sóleyjargötu að Tjörninni.
- Leið 2 breytist í Borgarlínu C3 (KÓR). Byrjar að fara um BSÍ en gerði það ekki áður. Kemur frá HR um Nauthólsveg og fer Sóleyjargötu að Tjörninni.
- Leið 55 hætti að fara um BSÍ, fer bara milli KEF og Fjarðar.

Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að Borgarlína geti snúið við á Hlemmi. Hins vegar er g.r.f. hringtorgi við Snorrabraut/Bríetartún sem hægt væri að nota.

Í fyrri vinnu voru hugmyndir um miðbæjarhringleiðir. Nú er fallið frá þeim hugmyndum enda er gert ráð fyrir að Borgarlína og Strætóleiðir aki um miðbæinn. Þannig geta notendur ferðast til og frá hverfum höfuðborgarsvæðisins til miðbæjarins með engri eða sem fæstum skiptingum. Miðað er við þá forsendu að ekki verði meira en tvær skiptingar úr úthverfi niður í bæ. Einnig voru í fyrri vinnu hugmyndir um háskólahringleiðir um Vatnsmýrina. Mögulega gæti orðið af þeim í einhverju formi en það er þó ekki skoðað hér enda hefði það ekki áhrif á leiðakerfi Borgarlínu og Strætó við U-reit.


## 5.2 Akstursleiðir að/frá U-reit fyrir Borgarlínu og Strætó

Við val á akstursleiðum að og frá U-reit er m.v. að leiðir hafi tengingu við HÍ. Mikilvægt er að viðhalda þeirri tengingu, og hafa hana í sérrými, þar sem HÍ er með stærstu vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu og eins og sjá má á eftirfarandi mynd þá er stoppistöðin við HÍ ein sú stærsta á svæðinu.

<sup>7</sup> Borgarlína - Bus adjustments. Assumption notes. COWI. Apríl 2017.








**Mynd 9: Drög að fyrirkomulagi Borgarlínu í framtíðinni sem haft er til viðmiðunar við ákvörðun á akstursleiðum Borgarlínu í gegnum U-reit (punktar á línunum eru teiknaðir með ca. 400m jöfnu millibili).**

Aðrar forsendur eru:

- Strætó og Borgarlína fari í gegnum mitt LSH svæðið (Neðri götu).
- Ein Borgarlínuleið þjóni bæði Grafarvogi og Mosfellsbæ (B1&B2, græn lína á mynd 8).
- Borgarlína úr Grafarvogi og Mosfellsbæ (B1&B2) endi og snúi við á U-reit.
- Borgarlína úr Fellum til BSÍ (C2, blá lína á mynd) og Borgarlína frá BSÍ til Seltjarnarness eru teiknaðar sem sama Borgarlínuleiðin.
- Borgarlína úr Kópavogi (C3, ljósblá lína á mynd) aki beina leið af Nauthólsvegi til að byrja með en í framtíðinni myndi hún keyra beina leið áfram eftir Snorrabraut.
- Borgarlína úr Kópavogi (C3, ljósblá lína á mynd) og Hafnarfirði (A, rauð lína á mynd) snúi við á Hlemmi.
- Leiðir 14 og 15 keyri í gegnum U-reit eftir sömu leiðum og Borgarlína. Þá er einnig gert ráð fyrir að leiðirnar geti farið til/frá Barónsstíg.
- Leið 5 endi og snúi við á U-reit.
- Leið 18 keyri Sóleyjargötu inn/út.

Miðað við þessar forsendur var unnið kort sem sýnir fjölda vagna á háannatíma og gróflega hvar þeir myndu keyra inn og út af U-reit.



Mynd 10: Akstursleiðir vagna um U-reit og nýjan Landspítala og fjöldi vagna á háannaklukkustund.

Samkvæmt deiliskipulagi LSH verður bílastæðahús í SV-horni þess reits, þ.e.a.s. við gatnamót Hringbrautar og Barónsstígs. Það má því reikna með töluverðri umferð að og frá því um Barónsstíg.

Fjöldi vagna á korti (mynd 10) miðast við 10 mínútna tíðni Borgarlínu og 15 mínútna tíðni strætó. Í töflu hér að neðan má sjá fjölda vagna m.v. aukna tíðni.


Tafla 1: Taflan sýnir fjölda vagna inn/út í hvaða átt út frá mismunandi tíðni leiða á háannatíma.

	Borgarlína 10mín, Strætó 15mín	Borgarlína 7,5mín, Strætó 15mín	Borgarlína 5mín, Strætó 15mín
LSH	34/34	40/40	52/52
Njarðargata/Hringbraut	26/26	32/32	44/44
Sóleyjargata	4/4	4/4	4/4

### 5.3 Fjöldi farþega Borgarlínu og Strætó

Til að áætla gróflega fjölda farþega um U-reit í framtíðinni eru talningar uppreiknaðar fram til ársins 2040. Á eftirfarandi mynd má sjá að **farþegar sem eiga leið í gegnum U-reit, um Gömlu Hringbraut, í dag eru um 7.300 á sólarhring**. Heildarfjöldi allra ferða á höfuðborgarsvæðinu í dag er 894.000 ferðir á sólarhring og hlutdeild almenningssamgangna (m.v. árið 2012) er 4% sem gerir 35.700 farþega á sólarhring í almenningssamgöngum. Samkvæmt þessu eru 7.300 farþegar sem fara í gegnum U-reit í dag um 20% af öllum ferðum í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi um 70.000 fram til ársins 2040. Þar er einnig sett fram markmið um að hlutdeild almenningsamgangna fari úr 4% í 12% árið 2040, eða 143.000 farþega á sólarhring með almenningsamgöngum (m.v. 12% hlutdeild af 1.200.000 ferðum árið 2040). Út frá þessu má áætla að um **29.000 farþegar fari í gegnum U-reit árið 2040** (20% af öllum ferðum með almenningsamgöngum árið 2040).



Mynd 11: Farþegatalningar við BSÍ.

Til að áætla hversu margir farþegar eru í hverjum vagni er gert ráð fyrir að 12% ferða séu farnar á háannatíma. Í kafla 2.2 er fjöldi vagna sem fer um svæðið á háannatíma áætlaður sem um 34-52 inn/út. Af þessu má áætla að **að meðaltali séu 35-50 farþegar í hverjum vagni á háannatíma.**

Ekki allir farþegar fara inn eða út við BSÍ eða Landspítalann í dag. Ef öll inn/út stig eru talin við bæði BSÍ og Landspítalann eru þau 2.000 talsins á dag. Þetta er einungis 27% af þeim farþegum sem fer í gegnum svæðið í dag. Líklegt er að hlutfall þeirra sem stoppa á svæðinu í framtíðinni fari hækkandi samhliða stækkun á LSH svæðinu, fjölgun skiptimöguleika milli strætóleiða og Borgarlínuleiða og aukinni starfsemi á sjálfum U-reitnum. Þá er sáralítið hlutfall af farþegum sem skiptir um vagn í dag sem mun breytast mikið í framtíðinni. Af þessum sökum er erfitt að beita sömu uppreiknaðferð og er beitt með gegnumstreymis farþega.

Þeirri aðferð var því beitt að reikna heildarfjölda ferða út frá samanlögðum skipulagstölum í U-reit (66.500 m<sup>2</sup>) og á spítalavæðinu (185.000 m<sup>2</sup>) í framtíðinni. Heildarfjöldi ferða reiknast til 38.000 ferðir á dag og gert var ráð fyrir 25% hlutdeild almenningsamgangna af heildarfjöldanum. **Heildarfjöldi farþega að viðbættum skiptifarþegum reiknaðist vera um 18.000 á svæðinu öllu og þar af um 10.500 í U-reit.** Skiptifarþegar eru bæði þeir sem skipta innan almenningsamgangna og þeir sem skipta í/úr ferðapjónustuvögnum.


Samkvæmt farþegatalningum Strætó bs. er algengt að 8-14% allra farþega sólarhrings séu að ferðast á háannaklukkustund, með miðgildi um 12%. Miðað við það ættu því að vera á bilinu **950-1.900 farþegar á háannaklukkustund sem stíga inn/út úr vögnum á svæðinu í framtíðinni og þar af efri mörk fyrir U-reit um 1.300 farþegar á klukkustund.**



## 5.4 Rýmisþörf Borgarlínu og Strætó

Í fyrri vinnu var reiknað með að BSÍ yrði aðalsamgöngumiðstöð höfuðborgarsvæðisins þar sem strætóleiðir bæði innan höfuðborgarsvæðisins og til/frá landsbyggðinni myndu hafa endastöð. Þar með þurfti að gera ráð fyrir rými fyrir vagna til að að stoppa í einhvern tíma. Nú er áhersla á að BSÍ verði ein af nokkrum lykilstöðvum á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem reiknað er með að flestar strætóleiðir innan höfuðborgarsvæðisins sem fara um BSÍ haldi áfram með tengingu við Hlemm og/eða aðra staði, þ.a. aðeins örfáar strætóleiðir hafi BSÍ sem endastöð. Því þarf ekki að gera ráð fyrir jafn miklu rými á U-reit fyrir biðtíma fyrir vagna.

Reiknuð var gróflega þörf fyrir fjölda stæða á brautarpalli fyrir Borgarlínu og Strætó miðað við tvær mismunandi útfærslur. Sú fyrsta er með framúrakstursakrein við hlið stöðvunarsvæða og er gert ráð fyrir að bæði Borgarlínuvagnar og venjulegir 12 metra vagnar stoppi á sama palli (sjá mynd að neðan).



Mynd 12: Dæmi um brautarpall hágæða almenningsamgangna með framúrakstursakrein – útfærsla 1.

Önnur útfærsla miðar við að Borgarlína og venjulegir vagnar stoppi á mismunandi pöllum. Kosturinn við það er sá að þá eru hugsanlegar tafir fyrir Borgarlínu lágmarkaðar þar sem skemmri tíma tekur að afferma og ferma Borgarlínuvagna en venjulega strætóvagna. Á móti kemur ókostur að þá eru ekki framúrakstursakreinar, eða ef þeim er bætt við þá tekur útfærslan mikið pláss (sjá mynd að neðan).



Mynd 13: Dæmi um brautarpall hágæða almenningsamgangna þar sem Borgarlínuvagnar eru aðskildir frá hefðbundnum vögnum – útfærsla 2.

Þrátt fyrir að U-reitur verði ekki endastöð almenningsamgangna þarf að gera ráð fyrir svigrúmi til að nota þennan stað til að jafna tíma á milli vagna (headway) ef þarf. Nokkuð langt er í næsta slíkan stað í borginni og tölverð umferð Borgarlínuvagna og strætisvagna er og yrði á næstu stoppistöðvum í

kring, og ekki pláss fyrir framúrakstursakreinar þar. Vegna þessa verður að reikna með plássi fyrir framúrakstursakreinar. Því er ólíklegt að útfærsla 2 yrði fyrir valinu út af plásspörf.

Í töflu að neðan eru niðurstöður útreikninga á fjölda stæða við brautarpall. Notast er við jöfnu úr Highway Capacity Manual frá Bandaríkjunum<sup>8</sup>. Gert er ráð fyrir að 5% vagna lendi í röð að stæði. Ráðlagt er að herma niðurstöðu til að reikna betur út líkindi á raðamyndun. Gert er ráð fyrir að Borgarlínuvagnar stoppi í 60 sekúndur en venjulegir vagnar í 90 sekúndur. Við útreikninga er g.r.f. jafnri dreifingu vagna, þ.e. ekki er gert ráð fyrir tímajöfnun (sjá umfjöllun í kafla 5.1). Gert er ráð fyrir að Borgarlínuvagnar verði 24m að lengd og hefðbundnir vagnar 12m. Til viðbótar á pallalengd er 15m aðlögunarsvæði fyrir framan og aftan pall.

**Tafla 2: Niðurstöður útreikninga á fjölda stæða fyrir almenningssamgöngur á stöðvunarsvæðum án tímajöfnunar.**

	Fjöldi vagna	Afköst, farþ. á klst í hvora átt (í sætum)	Afköst, farþ. á klst í hvora átt (heild)	Fjöldi stæða á palli í hvora átt	Lengd á palli
<b>Útfærsla 1 - Borgarlína og hefðbundnir vagnar á sama brautarpalli</b>					
Borgarlína 10 mín, Strætó 15 mín	40	2.008	4.696	2	54
Borgarlína 7,5 mín, Strætó 15 mín	48	2.496	5.824	2	54
Borgarlína 5 mín, Strætó 15 mín	64	3.472	8.080	3	68
<b>Útfærsla 2 - Borgarlína og hefðbundnir vagnar aðskildir</b>					
Einungis 4 x Borgarlína 10 mín	24	1.464	3.384	1	16
Einungis 4 x Borgarlína 7,5 mín	32	1.952	4.512	2	54
Einungis 4 x Borgarlína 5 mín	48	2.928	6.768	2	54
Einungis 4 x Strætó 15 mín	16	544	1.312	1	16
<i>Spá um fjölda farþega um borð í vagni í hvora átt á háannatíma</i>			1.722		

M.v. spá um fjölda farþega í kafla 5.3, fara um 29.000 farþegar í gegnum svæðið á sólarhring árið 2040 eða 14.500 í hvora átt. Ef 12% ferðast á háannatíma eru það um 1.700 farþegar á klukkustund.

- **Útfærsla 1:** M.þ.a. gera ráð fyrir lágmarksáhættu á að vagnar þurfi að bíða eftir stæði er 2 stæði í hvora átt nægjanlegt, eitt fyrir Borgarlínu og annað fyrir hefðbundna vagna (54m á palli). Hins vegar ef horft er til þjónustustigs óháð afköstum þ.a. Borgarlína í framtíðinni eigi að geta verið á 5 mín. fresti þarf 2 stæði fyrir Borgarlínu og eitt fyrir hefðbundna vagna (68m lengd á palli). Ef gera á ráð fyrir tímajöfnun þarf Borgarlína að lágmarki 3 stæði (lengd á palli 80m) og hefðbundnir vagnar 3 stæði (lengd á palli 44m).
- **Útfærsla 2:** 1 stæði fyrir Borgarlínu og 1 stæði fyrir hefðbundna strætisvagna í hvora átt. Með bættu þjónustustigi þ.a. Borgarlína verði á 5 mín. fresti þarf 2 stæði fyrir Borgarlínu í hvora átt. Þessi útfærsla hentar síður ef vagnar eiga að tímajafna í U-reit.

**Við ákvörðun á rýmisþörf Borgarlínu og Strætó á reitnum þarf að gera ráð fyrir eftirfarandi;**

- **6 stæðum í hvora átt með tímajöfnun (3x24m stæði og 3x12m stæði);**
- **8 stæðum til hliðar fyrir leiðir sem þurfa að geta stoppað á reitnum og til að hægt verði að hlaða rafmagnsvagna;**
- **framúrakstursakreinum vegna tímajöfnunar vagna**
- **og að leiðir geti snúið við.**

<sup>8</sup> Highway Capacity Manual (HCM) 2000, kafla 27.




Gera á ráð fyrir að skiptistöðin (brautarpallar og tilheyrandi) verði undir þaki og að plön verði með snjóbræðslu. Biðsvæði fyrir farþega við stæðin verði í sömu hæð og gólfhæð strætisvagna, þannig að aðgengi verði þreplaust (e. level boarding). Gert er ráð fyrir að við vagnastæðin verði rauntímaupplýsingar um komur og brottfarir. Þegar gengið er inn í almenningsvagna verði upplifun farþega þar af leiðandi sem líkust því að verið sé að stíga inn í lest.

## 6. Ferðapjónustan

Hluti verkefnis starfshópsins var á þessu stigi að meta gróflega þarfir ferðapjónustunnar og uppfæra skoðun á fyrirkomulagi samgangna að og frá U-reit með tilliti til fjölda ferðamanna. Í þarfagreiningunni hér á eftir er gert ráð fyrir að ferðapjónustan noti sömu aðkomur og almenn umferð. Reynt er að miða við sveigjanleika fyrir breytingar á þörfum í framtíðinni þ.a. matið miði við heildarþörf stæða fyrir ökutæki, sem mismunandi aðilar geti leigt óháð því hvaða aðilar eða hvernig ferðapjónusta yrði í boði. Ljóst er þó að lykilstarfsemi á reitnum í dag er flugrútan þ.a. lögð var áhersla á að meta þarfir hennar nú og til framtíðar og aðra starfsemi sem tengist henni.

### 6.1 Ferðamannafjöldi – nú og spá til framtíðar

Á vef Isavia má sjá að samtals fóru 8,7 milljónir farþega um Keflavíkurlugvöll árið 2017.<sup>9</sup> Af þeim er áætlað að 3,1 milljón hafi verið skiptifarþegar þ.a. **5,6 milljónir farþega hafi komið inn til landsins til dvalar**. Samkvæmt Ferðamálastofu skiptast þessar 5,6 milljónir farþega þannig að brottfarir erlendra farþega sem höfðu dvalið á landinu voru 2,2 milljónir og brottfarir íslenskra ferðamanna 0,6 milljónir.<sup>10</sup> **Samtals eru þetta um 2,8 milljónir brottfararfarþega árið 2017** og er aukning milli ára um 16% meðal innlendra ferðamanna og 24% meðal erlendra ferðamanna. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun flugfarþega síðustu ár og spá um þróun næstu ára.



Mynd 14: Þróun flugfarþega sem hafa viðkomu á Íslandi (fjöldi brottfara).

Erfitt er að sjá fyrir þróun ferðamanna til lengri tíma á Íslandi og fáir sem treysta sér til að vinna spá til lengri tíma en 2 ár fram í tímann. Isavia hefur unnið spá fyrir 2018 og gerir ráð fyrir 8,3% aukningu innlendra farþega og 10,9% aukningu erlendra farþega. Arion banki spáir 13% aukningu árið 2018 og 10% árið 2019. Eina langtímaspáin sem er til fyrir Ísland er spá sem var unnin fyrir Fluglestina. Spá Fluglestarinnar gerir ráð fyrir um 7-10% vexti á árunum 2019-2021 og þar eftir um 3% vexti fram til 2040 (spá gerð í janúar 2018). Þetta er í samræmi við spá bankastofnana og langtímaspá alþjóðaferðamálaráðsins um 3% vöxt fram til 2040.<sup>11</sup> Þarfagreiningin hér á eftir miðar við þessar spár.

<sup>9</sup> www.isavia.is. 2018.

<sup>10</sup> www.ferdamalastofa.is, 2018.

<sup>11</sup> UNWTO – Tourism Highlights, 2017.

Rétt fyrir útgáfu þessarar skýrslu kom fram uppfærð spá frá Arion banka með lægri farþegafjöldatölum en fyrri spá, ekki náðist að uppfæra þarfagreininguna til samræmis þannig að hafa má í huga að hún er rúmleg miðað við það.

## 6.2 Flugrúta

Til að átta sig á umfangi Flugrútunnar á BSÍ í dag og þróun hennar er notast við farþegatalningar á Keflavíkurflugvelli og ferðavenjukönnun um ferðamátaval þar. Samkvæmt ferðavenjukönnun sem var unnin í sambandi við Fluglestina kom fram að **13% innlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll nota flugrútuna í dag og um 30% erlendra ferðamanna**. Til að áætla fjölda farþega til eða frá BSÍ í dag og í framtíðinni er þetta ferðamátavalshlutfall notað ásamt því að gera ráð fyrir að 80% af öllum farþegum munu eiga viðkomu á BSÍ. Í dag er mikill fjöldi gististaða í stuttri fjarlægð frá BSÍ sem gerir það að verkum að mikill meirihluti erlendra farþega fara alla leið á BSÍ meðan hlutfall íslenskra ferðamanna er eitthvað minna. Líklega mun þetta dreifast meira um höfuðborgarsvæðið í framtíðinni. Til viðbótar er mánaðarlegt hlutfall brottfararfarþega vitað og er t.d. um 9% allra brottfara í október. Í júlí er 10% allra brottfara íslenskra farþega og 13% erlendra farþega. Með því að reikna þessar upplýsingar saman fást um 1.700 brottfararfarþegar sem fara frá BSÍ á dag í október. Áætla má að þeir séu jafn margir sem koma til BSÍ á dag og er því heildarfjöldinn 3.400 farþegar á dag. Í júlí er heildarfjöldinn áætlaður um 5.000 farþegar á dag. Miðað við farþegaspá til framtíðar má áætla að **árið 2040 fari þessi fjöldi í 8.000 farþega á dag í október og 11.600 farþega á dag í júlí í báðar áttir**.

Samkvæmt farþegatalningum Strætó bs. fyrir leið 55 sem fer milli BSÍ og Keflavíkurflugvallar fara um 18.000 farþegar á ári eða gróflega áætlað um 30 farþegar á dag á BSÍ.

Til að áætla hlutfall farþega sem munu ferðast á annasömustu klukkustund dagsins er notast við tölur um fjölda fluga á hverri klukkustund í dag. Þar kemur fram að 16% allra fluga er kl. 7-8 á morgnana og önnur 16% eru kl. 17-18 seinni part dags. Út frá þessu má áætla að á annasömustu klukkustund dags í október fari 275 farþegar frá BSÍ (ca. 550 farþegar í báðar áttir). Á háannatíma í júlí eru áætlaðir 400 farþegar á klukkustund (ca. 800 í báðar áttir).

**Tafla 3: Spá um fjölda flugrútafarþega á BSÍ og þörf á stæðum (tölur eru fyrir aðra áttina).**

Ár	Fjöldi brottfara á dag í október	Fjöldi brottfara á dag í júlí	Fjöldi farþ. á annasömustu klst innan dags í október (önnur áttin)	Fjöldi farþ. á annasömustu klst innan dags í júlí (önnur áttin)	Þörf á rúrustæðum m.v. 15-30 mín. tíðni á háannatíma í okt.	Þörf á rúrustæðum m.v. 15-30 mín. tíðni á háannatíma í júlí
2017	1700	2500	275	400	2-3	2-4
2040	4000	5800	640	930	3-6	5-9

Til að meta þörf á stæðum á lestunar-/losunarsvæði er gert ráð fyrir að allar rútur taki 55 farþega í ferð og að sama stæði sé notað fyrir bæði losun og lestun. Í dag er þörfin um 3/4 stæði í okt/júl m.v. 30 mínútna tíðni en ef tíðnin er færð niður í 15 mínútur er þörfin 2 stæði. Í dag er pláss fyrir 4 flugrútur samtímis upp við Leifsstöð, og svo er pláss fjær stöðinni fyrir rútur sem bíða tilbúnar en verið er að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi. **Í framtíðinni er líkleg þörf miðað við 15 mínútna tíðni 3 stæði í október og 5 stæði í júlí** og miðað við 30 mínútna tíðni er hún 6/9 stæði í okt/júl. Samkvæmt

ferðarþjónustuaðila á BSÍ í dag eru farnar 22 ferðir á dag milli BSÍ og KEF með um 40-50 rútum sem eykst eitthvað yfir sumartímann.

Hluti þjónustunnar sem flugrútan veitir er að skutla/sækja farþega á hótél eða söfnunarsvæði og þá oftast með smærri rútum, svokölluðum skutlum, þannig að gera þarf ráð fyrir plássí fyrir farþega til að skipta úr flugrútu yfir í þessar skutlur. Í dag eru máluð 15 stæði við BSÍ fyrir þessar skutlur. Á háannatíma um sumar fara um 400 farþegar með flugrútnu í hvora átt. Ef gert er ráð fyrir að 80% þeirra séu að nýta sér þessa þjónustu og að meðaltali séu alltaf 14 farþegar í skutlum er þörfin 23 skutlur á klukkustund. Ef gert er ráð fyrir 30 mínútna tíðni er þörf á 12 stæðum fyrir skutlur en 6 ef tíðnin er 15 mínútur. Árið 2040 verða fleiri farþegar en á móti kemur að líklegt er að hærra hlutfall þeirra nýti sér bættu þjónustu almenningsgangna og er hér áætlað að einungis 50% farþega nýti sér þessa þjónustu sem gera um 470 farþegar á klukkustund í júlí. Með því má áætla að umferðin fari upp í 40 skutlur á klukkustund. Ef gert er ráð fyrir kantstoppi og að umferð skutlanna sé dreift nokkuð jafnt yfir **háannatímann, með 10 mín á milli brottfara, er þörf á 6 stæðum fyrir skutlur**. Skutlurnar gætu líklega samnýtt sleppistæði einkabíla.

### 6.3 Landsbyggðarvagnar Strætó

Almenningsgöngur á landsbyggðina eru hluti af starfsemi Strætó og í dag er upphafs- og endastöð þeirrar þjónustu á höfuðborgarsvæðinu í Mjódd. Í fyrri vinnu var gert ráð fyrir að þessi upphafs- og endastöð yrði færð í samgöngumiðstöðina á U-reit. Niðurstaða starfshópsins nú er að miða við að þessi þjónusta muni í framtíðinni geta haft upphafs- og endastöð á U-reit án þess þó að ákveða að svo verði. Aðrir mögulegir staðir gætu í framtíðinni verið einhver af stórum skiptistöðvum Borgarlínu austar í borginni, til dæmis í Kringlunni, Ártúnshöfða, Vogabyggð eða Mjódd. Með tilkomu góðrar þjónustu Borgarlínu og aukinni tíðni er farþegum landsbyggðarvagna auðveldað að ná góðri skiptingu að/frá sínum áfangastað innan borgarinnar. Hvernig þessari þjónustu verði háttað í framtíðinni fari eftir þróun Borgarlínu og hagkvæmnimati á akstri landsbyggðarvagnanna, hversu vestarlega í borgina þeir ættu að fara. Samakstur vagna samhliða Borgarlínu í gegnum borgina gæti talist of kostnaðarsamur.

Ákveðið var því að gera ráð fyrir rými á U-reitnum fyrir landsbyggðarvagna til að hafa sem möguleika í framtíðinni. Rýmið væri hannað og staðsett þannig að það nýtist á annan hátt ef það verður ekki nýtt fyrir landsbyggðarvagna. **Hér er því reiknað með að landsbyggðarvagnar hafi rúrustæði á sama svæði innan U-reits og flugrútan.** Í fyrri vinnu var **gert ráð fyrir 3 stæðum fyrir landsbyggðarvagna** og það er nóg miðað við stöðuna í dag skv. upplýsingum frá Strætó.

### 6.4 Dagsferðir frá BSÍ

Hluti af ferðarþjónustunni á BSÍ í dag eru dagsferðir út fyrir höfuðborgarsvæðið. Þetta eru til dæmis ferðir á gullna hringinn á daginn og norðurljósaferðir á kvöldin svo fátt eitt sé nefnt. Samkvæmt ferðarþjónustuaðilum á BSÍ eru farnar 12 dagsferðir þaðan á dag og þær leggja allar af stað um klukkan 9 á morgnana. Samtals eru notaðir 15-16 bílar í þessar ferðir. Til viðbótar við þetta eru svo farnar ferðir í Bláa lónið á klukkustundarfresti á sumrin. Ef þróunin verður sú sama og spáð er fyrir flugrútuna má áætla að um 35-38 bílar fari frá BSÍ á morgnana. **Ef álaginu yrði dreift, þ.e. stæði yrðu samnýtt og ferðir væru farnar á 15 mínútna fresti í 1-2 klukkustundir á morgnana þá er þörfin 5-9 stæði.** Ef gert er ráð fyrir að það séu 40 farþegar í hverri ferð að jafnaði má áætla að þetta verði 1400-1500 farþegar á hverjum morgni.

Líkt og með flugrútuna er hluti þjónustu dagsferða að skutla/sækja farþega á hótél eða söfnunarsvæði og þá oftast með skutlum. Í dag eru 15 stæði við BSÍ fyrir þessar skutlur. Á háannatíma um sumar fara líklega 600 farþegar í dagsferðir ef gert er ráð fyrir að það séu 40 farþegar í hverri af þeim 15 rútum sem fer um sumar árið 2017. Með því að áætla að að meðaltali séu 14 farþegar í hverri skutlu og 80% nýti sér þessa þjónustu má áætla að 35 skutlur fari um BSÍ á háannatíma í dag. Árið 2040 er talið að farþegar í dagsferðum verði um 1.400 en þörfin á skutlum verði minni vegna stórbættra almenningssamgangna. Því er gert ráð fyrir að einungis 50% farþega dagsferða noti skutlur sem gerir um 700 farþega. Ef gert er ráð fyrir kantstoppi og að umferð skutla **sé dreift nokkuð jafnt yfir háannatíman er þörf á 9 stæðum fyrir skutlur**. Skutlurnar gætu líklega samnýtt sleppistæði einkabíla.

## 6.5 Fluglest

Ef áform um fluglest ná fram að ganga er þörf á plássi fyrir hana því BSÍ er einn af þeim stöðum sem er til skoðunar sem endastöð. Í undirbúningsvinnu fluglestarinnar eru U-reitur, Kringlan og Smáralind til skoðunar sem endastöð. Gert er ráð fyrir Smáralind sem millistöð, sem gæti þjónað sem tímabundin endastöð. Ef endastöð fluglestar kæmi á U-reit þá yrði hún neðanjarðar. Áhrif hennar á yfirborði yrðu því fyrst og fremst aukning fólksstraums um samgöngumiðstöðina. Einnig mætti þá áætla að þörfin fyrir stæði undir flugrútu myndi minnka. Samkvæmt uppfærðri viðskiptaáætlun **fluglestar frá 2017 er gert ráð fyrir 9 milljónum lestarfarþega á ári árið 2046 eða að meðaltali um 20 þúsund farþegum á dag** ef gert er ráð fyrir að 80% farþega fari á U-reit. Gera má ráð fyrir að fluglestin þurfi framkvæmdasvæði vegna tenginga á yfirborð. Ef endastöð fluglestar kæmi á U-reit þá yrði það stórt verkefni og erfitt að gera ráð fyrir því nú í hugmyndasamkeppni fyrir reitinn. Til að áform um fluglest skapi ekki óvissu um eða tefji uppbyggingu á U-reit væri best ef hægt er að g.r.f. að brautarpallar neðanjarðar verði undir eða sunnan við Hringbraut með ská tengingu upp á yfirborð innan U-reits.



Mynd 15: Mögulegt umfang brautarpalla fluglestar, neðanjarðar. Staðsetning gæti mögulega eins verið undir eða sunnan við Hringbraut.

## 6.6 Ferðapjónustan - samantekt

Í eftirfarandi töflu er samantekt úr köflunum á undan um rýmisþörf utandyra fyrir ferðapjónustuna.

**Gert er ráð fyrir að flugrúta og rútur fyrir dagsferðir (og skutlur/fjallajeppar) sé á sama svæði á reitnum. Þannig er hægt að samnýta plássið því þessi starfsemi er ekki með sama háannatíma. Einnig**



er gert ráð fyrir að svæði fyrir ferðþjónustu og almenningssamgöngur út fyrir höfuðborgarsvæðið sé aðskilið frá svæði almenningssamgangna innan höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 4: Samantekt á rýmisþörf ferðþjónustunnar utandyra á reitnum.

	Heildarfjöldi farþega (sólarhringur)	Heildarfjöldi farþ. á háannatíma (brottfarir)	Heildarfjöldi vagna á háannatíma (brottfarir)	Plássþörf á háannatíma (heild)	Útfærsla
Flugrúta	11.600 (júlí)	930 (júlí)	17 á klst.	5 (m.v. 15 mín tíðni)	Stæði
Ferðþjónusta dagsferðir (rútur)	3.000 (júlí)	1.400 (júlí)	36 á klst.	9 (m.v. 15 mín tíðni)	Stæði
Landsbyggðarvagnar				3	Stæði
<b>Heildarfjöldi rúrustæða þegar g.r.f. samnýtingu (50-100% samnýting)</b>				<b>12-17</b>	<b>Stæði</b>
Flugrúta (skutlur)	7.000	470	33 á klst.	6	Kantstopp
Ferðþjónusta dagsferðir (skutlur)	1.500	700	50 á klst.	9	Kantstopp
<b>Heildarfjöldi skutlustæða þegar g.r.f. samnýtingu (50-100% samnýting)</b>				<b>9-12</b>	<b>Kantstopp</b>

## 7. Aðrir samgöngumáttar

### 7.1 Bílaleigur

Margar bílaleigur eru í rekstri h rlendis og lj st a  þær geta aldrei veri  allar me  starfsemi   U-reit. Þarfir fyrir b laleigu(r) er skv. frummati a  **a sta a ver i (s rmerkt, fr tekin b lasta i) fyrir 20-30 b laleigub la**. Gert er r   fyrir a  s  a sta a ver i   b lasta ah si   U-reit.

Ekki er gert r   fyrir a  vi  samg ngumi st   ver i st rt geymslusv  i fyrir b laleigur. Ofangreind a sta a ver i til sta ar til takmarka r geymslu og afgrei slu b laleigub la en vi komandi fyrirtaeki geti „fyllt   lagerinn“   sta num   ur en skortur ver ur   farartækjum.

  lj si þess a  l ti  er vita  um  huga b laleiga   a  veita þj nustu   samg ngumi st   er nau synlegt a  þarfir þessara samg ngum ta  /vi  samg ngumi st   Reykjav kur ver i greindar n nar   s  ari stigum   samr  i vi  þ    ila sem hyggjast reka sl ka starfsemi.

### 7.2 Leigub lar

Þarfir utandyra skv. frummati eru a  **a sta a ver i fyrir um 10-15 leigub la til a  ra a s r upp og taka upp farþega. Sl k a sta a er talin fullnægjandi   dag og til framt  ar**. A sta an ver i sta sett og  tf r  þannig a  au velt ver i fyrir farþega almenningsgangna og h pfer ab la a  ferja farangur sinn   milli þessara fer am ta. Ekki þarf a  gera r   fyrir s rstakri a st  u innandyra fyrir leigub laþj nustu. Gert er r   fyrir a  leigub lar ver i   flestum tilfellum til sta ar. Ef ekki þ  ver i h gt a   ska eftir leigub l vi  þj nustubor  samg ngumi st  var.

Fulltr ar fyrri vinnuh psins fundu  me  fulltr um bifrei astj raf lagsins Frama   jan ar 2013.   umr  um þar kom fram a  h pfer afyrirtaekin safna flest s num farþegum   dag saman me  litlum h pfer abilum og flytja þannig ni ur   BS  e a  ra s fnunarsta i. Fer amenn   lei    h pfer ir eru þvi ekki miki  a  nota leigub la. Farþegar a  fara   og koma  r flugr tunni nota gjarnan leigub la og mikilv gt er a  hafa gott a gengi farþega me  farangur sinn a  leigub lum.   dag þurfa allir farþegar sem koma  r flugr tunni e a eru   lei    hana a  koma s r  samt  llum farangri   gegnum h si .   þessu samhengi var minnst   nau syn þess a  hafa farangurskerrur til rei u   samg ngumi st  . Fram kom a  b lasta i vi  BS    dag eru t luvert miki  notu  til lengri t ma af f lki sem er erlendis og tekur flugr tuna til KEF.   dag eru vi  BS  um 10 leigub lar   r      lagspunktum t.d. þegar flugr tan kemur. Vi  Hlemm eru sta i fyrir um 12 leigub la sem eru t luvert nota ir af farþegum sem voru a  koma  r str tisvagni þ  þeir s u a  mestu a  þj nusta  ra h pa. Fram kom a  vi  n ja samg ngumi st   v ri  skilegt a  hafa a st  u fyrir 10-20 leigub la   rennu og sta setja hana þannig a  gott a gengi v ri a  henni fyrir farþega me  farangur   lei   / r flugr tu. R tt var a  sl k a sta a myndi l ka n tast LSH sem er t luvert þj nusta ur af leigub lum. Til samanbur ar var nefnt a  vi  Leifsst   er r mi fyrir um 40 leigubifrei ar   þrefaldri r   sem mj kkar svo ni ur   eina akrein þar sem farþegar eru teknir upp  . Þa  fyrirkomulag gengur vel upp. Hugmyndin a    einum og sama sta  s  b  i mi st   almenningsgangna og fer aþj nustu gengur  t   þa  a  þar me  eigi fer amenn kost   þvi a  fer ast me  almenningsgangum til og fr  samg ngumi st   og þannig minnki umfer  st rra h pfer ab la um mi borgina.

### 7.3 Deilib lar

Einnig er gert r   fyrir a    samg ngumi st   ver i a sta a fyrir deilib la (e. car-sharing) þar sem  skrifendur, þ tttakendur   deilib la skrift, geta gengi  a  b l v sum og leigt til skemmri t ma eftir a  hafa b ka  leigut ma fyrirfram.

## Svona virkar Zipcar

4 einföld skref að frelsi



### SKRÁNING

Þú sækir um á netinu og færð aðgang að appinu.



### BÓKAÐU

Þú bókar Zipcar eins og þér hentar, frá klukkutíma og upp í sólarhring.



### OPNAÐU

Þú opnar Zipcar með appinu. Voila! Og bíllinn er þinn.



### AKTU

Njóttu þess að zippa. Þegar ferðinni lýkur leggur þú bílnum aftur á sama stað og læsir með appinu.



Mynd 16: Zipcar deilibilakerfið í Reykjavík.

Þarfir utandyra skv. frummati eru að **aðstaða (sérmerkt, frátekin bílastæði) verði fyrir 5-10 deilibíla með möguleika á stækkun aðstöðunnar síðar**. Gert er ráð fyrir að notendur skyndibíla gangi rafrænt frá pöntun áður en komið er í samgöngumiðstöð eða í farsínum sínum á staðnum og því sé ekki þörf á neinni aðstöðu innandyra.

## 7.4 Deilihjólaleiga

Gert er ráð fyrir að í samgöngumiðstöð verði aðstaða fyrir deilihjólaleigu (e. bicycle sharing system) þar sem hægt er að leigja reiðhjól til afnota í afmarkaðan tíma yfir daginn. Samkvæmt frummati er gert ráð fyrir að **aðstaða verði fyrir 20 deilireiðhjól ásamt tilheyrandi búnaði með möguleika á stækkun aðstöðunnar síðar**. Gert er ráð fyrir að afgreiðslukerfi hjólaleigu verði sjálfvirk og ekki þurfi aðstöðu innandyra.



Mynd 17: Wow City bike borgarhjólaleigur í Reykjavík.

## 7.5 Vespu- og hjólaleiga

Gert er ráð fyrir að hjóla- og vespuleigur geti fengið aðstöðu í samgöngumiðstöð. Þarfir utandyra skv. frummati er að rými verði fyrir aðstöðu fyrir **20 leigureiðhjól með möguleika á stækkun aðstöðunnar síðar**. Einnig verði g.r.f. rými fyrir aðstöðu fyrir **10 leiguvespur með möguleika á stækkun aðstöðunnar**

**síðar.** Gert er ráð fyrir að fyrirtæki sem leigja út reiðhjól og/eða vespur hafi afgreiðsluáðstöðu inni í samgöngumiðstöð, annað hvort á sameiginlegu þjónustuborði miðstöðvarinnar eða í sérstökum þjónustubásnum viðkomandi fyrirtækja.

Ekki er gert ráð fyrir að við samgöngumiðstöð verði stórt geymslusvæði fyrir reiðhjóla- og vespuleigur. Ofangreind aðstaða verði til staðar til takmarkaðrar geymslu og afgreiðslu hjóla og vespa en viðkomandi fyrirtæki geti „fyllt á lagerinn“ á staðnum áður en skortur verður á farartækjum. Hjólaleigur og vespuleigur geti haft aðstöðu til að geyma hjól á „lager“ í bílastæðahúsi eða í td. kjallara í samgöngumiðstöðinni.

Í ljósi þess að lítið er vitað um markað fyrir hjóla- og vespuleigur í Reykjavík er nauðsynlegt að þarfir þessara samgöngumáta í/við samgöngumiðstöð Reykjavíkur verði greindar nánar á síðari stigum í samráði við þá aðila sem hyggjast reka slíka starfsemi.

## 7.6 Einkabílar og -reiðhjól

**Gera skal ráð fyrir að bílaleigur og almenningsbílastæði verði í bílastæðahúsum á reitnum en ekki endilega við samgöngumiðstöðina. Almennt skal bílastæðum ofanjarðar (sem eru ekki í bílastæðakjallara eða -húsi) vera haldið í lágmarki. Æskilegt er að bílastæðum verði dreift í fleiri en eitt bílastæðahús og að þau séu þannig staðsett að sem mest samnýting náist.** Bílastæði getur verið nýtt á mismunandi tímum dags eftir því hvort það er fyrir samgöngumiðstöðina, atvinnuhúsnæði eða íbúðarhúsnæði. Einnig skal hafa í huga við hönnun og staðarval bílastæðahúss að hægt sé að nýta það á annan hátt en fyrir bílastæði í framtíðinni eftir því sem samgöngutækni og -venjur þróast.

Í vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur er lagt til að nýtingarhlutfall nálægt kjarnastöðvum Borgarlínu verði að lágmarki 1,0. Einnig eru settar kvaðir um bíla- og hjólastæði á þessum svæðum. Þær eru að hámarki 0,7 bílastæði á hverja 100 byggða m<sup>2</sup> og að lágmarki 3 hjólastæði á hverja 100 byggða m<sup>2</sup>. Samkeppnissvæði U-reits er í heildina um 68 þús. m<sup>2</sup>. Ef heildar byggingarmagn reitsins verður af svipaðri stærðargráðu myndi það þýða að hámarki 450-500 bílastæði m.v. forsendurnar að ofan. Ef bílastæði eru í húsi er algengt að reikna með 30 m<sup>2</sup> fyrir hvern bíl með akstursleiðum, römpum og tilheyrandi. Miðað við þessar forsendur þyrftu því bílastæðahús að vera í heildina um 14.000 fermetrar.

Bílastæði eiga þó að skoðast með hliðsjón af nýjum reglum sem eru í vinnslu hjá Reykjavíkurborg og verða að öllum líkindum færri en ofangreint. **Í hugmyndasamkeppninni skal því gera ráð fyrir að hámarki 0,7 bílastæðum á hverja 100 byggða m<sup>2</sup>, en þetta verður svo nánar útfært í deiliskipulagsvinnu og taki þá mið af reglunum sem verði tilbúnar þá.**

**Í hugmyndasamkeppninni skal gera ráð fyrir að lágmarki 3 hjólastæði á hverja 100 byggða m<sup>2</sup>. Reikna skal með að hjólastæði dreifist um allt svæðið.**



## 8. Umferðarskipulag

Í þessum kafla eru skoðaðar tengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og skoðað hvernig flæði umferðar getur verið, annars vegar að og frá U-reit og hins vegar innan reitsins, miðað við þarfagreininguna í köflunum hér á undan.

### 8.1 Tengingar við göngu- og hjólastígakerfi

Samgöngumiðstöðin verður tengipunktur mismunandi samgöngumáta og mjög mikilvægt að göngu- og hjólaleiðir að/frá miðstöðinni verði góðar. Öll hönnun göngu- og hjólaleiða skal vera þannig að augljóst sé að þessir ferðamátar eru í forgangi að/frá reitnum og innan hans. Mikilvægt er að tryggja góðan göngu- og hjólaás um Sóleyjargötu sem tengir miðborgina og samgöngumiðstöðina sem og tengingar upp á Skólavörðuholt, við LSH, HÍ og HR. Á mynd hér fyrir neðan er sýnd tillaga að fyrirkomulagi helstu göngu- og hjólaleiða út frá U-reit. Tillagan gerir ráð fyrir að göngu- og hjólaleið sem nú liggur samsíða Hringbraut, sunnan U-reits verði fjarlægð til að draga úr slyshættu enda sennilegt að mikill fjöldi almenningsvagna þveri þá leið við akstur inn á og út af lóð samgöngumiðstöðvar. Samsíða stofnstígur sunnan Hringbrautar, stígur nyrst á U-reit og mögulega stígur í gegnum U-reit miðjan verði megin samgönguæðar óvarinna vegfarenda.




Mynd 18: Tillaga að helstu leiðum gangandi og hjólandi vegfarenda að/frá U-reit.

### 8.2 Flæði umferðar að/frá U-reit

Á mynd 10 frammar í skýrslunni er farið yfir hvaða akstursleiðir væru æskilegar fyrir almenningsamgöngur að og frá reitnum miðað við úr hvaða áttum áætlað er að Borgarlínu- og Strætóleiðir komi í framtíðinni og m.v. framtíðarskipulag LSH reits og Snorrabrautar/Nauthólsvegar. Þar kemur fram að reiknað er með að almenningsamgönguleiðir úr austri komi að U-reit í gegnum LSH reit (Neðri götu) og að leiðir af Snorrabraut og úr austanverðri Vatnsmýri (HR og Kársnesbrú) aki Snorrabraut og komi því sömu leið inn á U-reit, þ.e. eftir Neðri götu á LSH reit. Mikilvægt er að hafa tengingu við HÍ og er því reiknað er með að tenging á/af reitnum til vesturs verði við gatnamót

Hringbrautar og Njarðargötu og sérrými lægi meðfram Hringbraut, norðan við hana. Einnig þarf að g.r.f. að almenningsamgöngur geti tengst Sóleyjargötu og Barónsstíg, en ekki endilega í sérrými. Á myndinni hérna fyrir neðan má sjá þessar sérrýmisleiðir skissaðar upp. Einnig sést á myndinni Gamla Hringbraut og Sóleyjargata sem sameinuð gata með eðlilegum fjarlægðum frá lóðarmörkum húsanna við Sóleyjargötu.




Mynd 19: Æskilegt sérrými almenningsamgangna að/frá U-reit m.v. líklegar akstursleiðir í framtíðinni.

### 8.3 Hæðartakmarkanir innan reits

Eitt af meginmarkmiðum hugmyndasamkeppni er að kalla eftir hugmyndum um heildarlausn fyrir reitinn. Til að styðja við reitinn sem samgöngureit, tengipunkt almenningsamgangna og ferðaþjónustu og vistvænna og fjölbreyttra samgöngumáta þarf að gera reitinn að áfangastaði í sjálfu sér. Það er því mikilvægt að á reitnum verði einnig rými fyrir töluvert byggingarmagn, til viðbótar við það rými sem samgönguhlutinn þarf, fyrir þjónustu-, atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Niðurstaða starfshópsins er að U-reitur er nægilega stór til að rúma samgöngumiðstöð og athafnasvæði hennar auk umtalsverðs byggingarmagns til viðbótar. **Það er því mikilvægt að reyna að koma samgöngumiðstöð sem haganlegast fyrir og þannig að sem minnst rými fari undir byggingu, athafnasvæði og akstursleiðir.**

Huga þarf að hæðartakmörkunum húsa vegna hindranaflata flugvallarins, sem eru mestar vestast og syðst á reitnum. Æskilegt væri að haga hönnun þ.a. mögulegt væri að hækka byggingar í framtíðinni. Einnig þarf að huga að hljóðvist vegna umferðar um Hringbraut, sem er sömuleiðis syðst á reitnum.





Mynd 20: Mögulegar hæðir bygginga innan reitsins miðað við hæð lands og hindranaflati flugvallarins.

Þegar tekin eru saman atriði sem hafa áhrif á staðsetningu samgöngumiðstöðvar á reitnum, þ.e. aðkomur almenningsgangna að reitnum, rýmisþörf brautarpalla, hæðartakmarkanir bygginga vegna hindranaflata og hljóðvist vegna Hringbrautar þá er **æskilegt að samgöngumiðstöðin og umferðarmannvirki tengd henni verði á syðri hluta reitsins og þannig sunnan við meginæð Borgarlínu í gegnum reitinn**. Norðan við meginæð Borgarlínu, skapast þá gott rými fyrir blandaða byggð, í góðri tengingu við Þingholtin.

Eins og kom fram í kafla 4 þá er skv. forskoðun hægt að koma fyrir nægu byggingarmagni á því svæði sem eftir er á reitnum, eftir að búið er að taka frá svæði fyrir samgöngumannvirki og taka tillit til hæðartakmarkana vegna hindranaflata, til að uppfylla kröfu í breytingartillögu á Aðalskipulagi Reykjavíkur um lágmarks nýtingarhlutfall 1,0.

## 9. Innra skipulag samgöngumiðstöðvar

### 9.1 Þarfagreining innandryra

#### Biðsvæði

Ekki var farið ítarlega í þarfagreiningu á stærðum svæða innandryra í vinnu starfshópsins, en gerðir voru grófir útreikningar á áætlaðri stærð biðsvæða út frá farþegaspám (sjá töflu hér að neðan). Einnig voru rifjaðar upp niðurstöður fyrri vinnu. Gert er ráð fyrir að haldin verði önnur samkeppni fyrir samgöngumiðstöðina sjálfa eftir að hugmyndasamkeppni fyrir U-reit hefur verið haldin. Fyrir gerð keppnislýsingar fyrir seinni samkeppnina mun þurfa að gera nánari greiningu.

Tafla 5: Útreikningur á stærð biðsvæða út frá farþegaspám og samanburður við fyrri greiningar og sambærilegar samgöngumiðstöðvar í nágrennalöndum.

	Max farþegar p. 30mín (komur + brottfarir)	Biðsvæði (m <sup>2</sup> )	Annað rými (m <sup>2</sup> )	Athugasemdir
<b>Uppfærð áætlun á rýmisþörf</b>				
Almenningssamgöngur	768	370		Biðsvæði miðast við 0,8 m <sup>2</sup> á mann per korter
Flugrútan	940	660		Biðsvæði miðast við 1,2 m <sup>2</sup> á mann
Dagsferðir	750	1050		Biðsvæði miðast við 1,2 m <sup>2</sup> á mann
<b>Samtals;</b>	<b>2458</b>	<b>2080</b>	<b>600</b>	
<b>Greining frá árinu 2005 - Samgöngumiðstöð samnýtt með flugi</b>				
Vegna flugfarþega	383	1660	2300	Annað tilgreint rými er 750 m <sup>2</sup> fyrir farangur og frakt, 400 m <sup>2</sup> fyrir tækjageymslu, og 700 m <sup>2</sup> verði til útleigu fyrir almenna verslunarstarfsemi.
Vegna rútufarþega	468	2020	570	
<b>Samtals;</b>	<b>850</b>	<b>3680</b>	<b>2870</b>	<b>Heildarrými 6550 m<sup>2</sup></b>
<b>Til samanburðar eru hér samgöngumiðstöðvar í eftirtöldum borgum</b>				
<b>Osló</b>	Sambærilegur fjöldi	<b>5980</b>	-	Með allri þjónustu
<b>Gautaborg</b>	Sambærilegur fjöldi	<b>2700</b>	-	Einungis biðsvæði og miðasala meðan megnið af annari þjónustu er í annarri byggingu

Þegar átt er við biðsvæði er það einungis það svæði þar sem farþegar standa eða sitja þegar beðið er eftir fari með almenningssamgönguvagni eða rútu. Til viðbótar skal bæta við svæði fyrir gangvegi og þjónustu. Samhljómur er með útreikningunum nú og árið 2005 um stærð biðsvæðis fyrir almenningssvagna- og rútufarþega, þ.e. um 2.000 m<sup>2</sup>. Auk þess var árið 2005 reiknað með tæplega 600 m<sup>2</sup> í annað rými tengt rútufarþegum. **Samtals má því ætla að samgöngumiðstöð fyrir almenningssvagna og rútur þurfi að vera um 2.600 m<sup>2</sup>.** Til samanburðar er flatarmál BSÍ í dag um 1.500 m<sup>2</sup>.



Til samanburðar voru samgöngumiðstöðvar í öðrum stórum borgum á norðurlöndunum skoðaðar og er stærð þeirra birt í töflunni. Samgöngumiðstöðvarnar í Osló og Gautaborg þóttu mjög sambærilegar þar sem svipaður fjöldi langferðafarþega fer þar um í dag og gert er ráð fyrir að fari um U-reit árið 2040.

Í töflunni að ofan eru biðsvæðin áætluð út frá háannatíma í ferðaþjónustunni annars vegar og háannatíma í almenningssamgöngum hins vegar. Útreikningar miðast við hápunkt í farþegafjölda sem verður samtímis í húsinu á 30 mínútna tímabili. Hámarks fjöldi í almenningssamgöngum er áætlaður að verði árdegis á virkum dögum. Biðsvæði almenningssamgangna er reiknað miðað við hámarkskorter (460 manns) og að þá þurfi hver farþegi um 0,8 fermetra á mann (þjónustustig C)<sup>12</sup>. Þá er gert ráð fyrir að megnið af farþegunum séu standandi. Hámarksfjöldi í flugrútu og dagsferðum er áætlaður að verði árdegis í júlí. Gert er ráð fyrir að meirihluti farþega ferðaþjónustunnar hafi aðgang að sætum og þess vegna þurfi um 1,2-1,4 fermetra á mann (þjónustustig C).

### 9.1.1 Sameiginleg samgöngumiðstöð fyrir flug og landsamgöngur

Í skýrslu verkefnishóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá maí 2018 um nýja flugstöð á Reykjavíkurlugvelli voru metnar þrjár mögulegar staðsetningar fyrir flugstöð. Niðurstaða hópsins var að flugafgreiðsla í samgöngumiðstöð á BSÍ reit væri áhugaverðasti kosturinn. Helstu kostir voru metnir vera<sup>13</sup>:

- Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum borgarinnar er gert ráð fyrir að þessi staðsetning verði þungamiðja almenningssamgangna innan höfuðborgarsvæðisins og samgangna til og frá Keflavíkurlugvelli.
- Samlegð með þessum aðilum býður upp á mikið hagræði auk sparnaðar við uppbyggingu annarrar þjónustu sem fylgir flugstöðvum, s.s. veitinga og verslana.
- Staðsetning og samlegð með þessum aðilum gerir þennan kost áhugaverðari sem samstarfsverkefni við einkaaðila og gæti auðveldlega leitt til mun lægri húsnæðiskostnaðar.
- Staðsetning er miðsvæðis og reiturinn vel tengdur við gatnakerfi Reykjavíkur.
- Flughlaðið liggur nálægt Landspítalanum sem greiðir fyrir sjúkraflugi.
- Staðsetning fellur að áætlunum Reykjavíkurborgar að framtíðarskipulagi og þarf því ekki að víkja komi til þess að flugvöllurinn fari.

Í skýrslunni segir einnig:

*„Gera má ráð fyrir að tenging flugsins við almenningssamgöngur á þessum stað bjóði upp á ýmis tækifæri til að bæta rekstrargrundvöll flugrekenda. Gangi áætlanir eftir mun farþegafjöldi með flugi, almenningssamgöngum og ferðaþjónustu sem fer um samgöngumiðstöð á BSÍ reitnum verða a.m.k. 10 milljónir manns á ári. Ef bygging og rekstur samgöngumiðstöðvar á BSÍ reitnum yrði t.d. boðin út má gera ráð fyrir hagstæðari niðurstöðu miðað við hina kostina tvo vegna nálægðar við miðbæ, fjölbreyttari samgöngutenginga og fjölbreyttari og ólíkt fleiri farþega sem um miðstöðina færi. Því yrði eftirspurn meiri og tækifæri fyrir mögulega rekstraraðila miðstöðvarinnar til að leigja út þjónustu-, verslunar- og skrifstofurými í og við samgöngumiðstöðina að öllum líkindum mun meiri sem ætti að skila sér í hagstæðari rekstri hennar.*

*Fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa komið því á framfæri við ríkið að það geti gerst aðili að hugmyndasamkeppni um BSÍ reitinn sem fyrirhuguð er á næstunni. Þekkist ríkið slíkt boð gæti flugstöð orðið hluti af samkeppni um fyrirhugaða samgöngumiðstöð. [...] Í slíkri hugmyndasamkeppni myndi þá jafnframt verða kallað eftir hugmyndum þátttakenda um hvernig tengja mætti samgöngumiðstöðina við flughlöð austan við tengibraut. Tengingin yrði að vera með göngum undir Hringbrautina eða yfirbyggðum rana og götu að flughlaði. [...]*

<sup>12</sup> Transit Capacity and quality of service manual, TCRP, þriðja útgáfa.

<sup>13</sup> Skýrsla verkefnishóps um nýja flugstöð á Reykjavíkurlugvelli. Maí 2018. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Lagt er til að ríkið taki þátt í fyrirhugaðri hugmyndasamkeppni um nýja samgöngumiðstöð á BSÍ reitnum þannig að gert yrði ráð fyrir þeim möguleika að flugstöð væri hluti af hugmyndavinnunni.“

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að flugstöðvarhlutinn í sameiginlegri samgöngumiðstöð þyrfti að vera 2.500 m<sup>2</sup>. Miðað við það, og niðurstöðuna hér á undan að samgöngumiðstöð fyrir almenningsvagna og rútur þurfi að vera um 2.600 m<sup>2</sup>, má reikna með að sameiginleg samgöngumiðstöð þyrfti að vera um 5.100. Niðurstaða útreikninganna frá 2005 voru 6.500 m<sup>2</sup> fyrir sameiginlega miðstöð. Í ljósi þess að ekki er um nákvæma útreikninga að ræða nú má hér segja að sameiginleg samgöngumiðstöð þyrfti að vera um 5.000-6.500 m<sup>2</sup>. Til samanburðar má hér fyrir neðan sjá stærðir tveggja bygginga í Reykjavík af svipaðri stærð.

Í skýrslunni segir: „Í slíkri hugmyndasamkeppni myndi þá jafnframt verða kallað eftir hugmyndum þátttakenda um hvernig tengja mætti samgöngumiðstöðina við flughlöð austan við tengibraut. Tengingin yrði að vera með göngum undir Hringbrautina eða yfirbyggðum rana og götu að flughlaði.“ Starfshópur Reykjavíkurborgar telur æskilegast að tengingin yrði með göngum undir Hringbraut og aðgengi farþega í göngin verði innandyrna í samgöngumiðstöðinni. Hugað sé að því að göngin nýtist áfram í framtíðinni óháð því hvort flugvöllurinn verður í Vatnsmýrinni eða ekki.



Mynd 21: Tvær byggingar í Reykjavík af svipaðri stærð í fermetrum og áætlað er að samgöngumiðstöð þurfi að vera.

### 9.1.2 Niðurstöður fyrri greininga

#### Niðurstöður greiningar árið 2013

Árið 2013 var haldinn hugarflugsfundur með Flugfélagi Íslands þar sem rætt var um kosti og galla þess að sameina þessa starfsemi. Ekki þótti fýsilegt að færa sjálfa samgöngumiðstöðina nær flugvöllinum þar sem landsamgöngur þyrftu að taka mikinn krók á leið sinni. En landsamgöngur verða í miklum meirihluta eða 45.000 farþegar sem fara í gegnum svæðið á dag árið 2040 á meðan flugsamgöngur eru í dag um 1.000 farþegar. Í eftirfarandi töflu eru teknir saman helstu kostir og gallar við það að sameina þessa starfsemi samkvæmt hugarflugsfundi frá árinu 2013.

Tafla 6: Greining á kostum og göllum þess að sameina land og flugsamgöngur í samgöngumiðstöð. Greiningin fór fram á hugarflugsfundi með Flugfélagi Íslands í desember árið 2013.

Kostir	Gallar
Það er pláss á U-reit fyrir stærri samgöngumiðstöð sem þjónar bæði flugi og samgöngum á landi.	Ekki gert ráð fyrir fríum bílastæðum í samgöngumiðstöð
Eykur rekstarhæfni hússins	Gera þyrfti göng undir Hringbraut ( 200 milljónir?)
Getur orðið meiri miðpunktur	Þyrfti að gera nýtt flughlað austan við N/S brautina

Þurfum hvort sem er að tengja nýja flugstöð og samgöngumiðstöð	Samgöngumiðstöðin þyrfti að vera með þeim hætti að aðgengi að flugstöðvarhlutanum með milllandaflugi væri stýrt
Þurfum að tryggja að farþegar frá Leifsstöð hafi greiðan aðgang að innanlandsflugi	Stækka þyrfti 400-500 m <sup>2</sup> fyrir öryggissvæði millilandarflugs (hrein svæði). Þar fer fram vopnaleit farþega og farangurs
Kostur að samnýta	Samgöngumiðstöð þyrfti að stækka um 200m <sup>2</sup> ef fraktflutningar Flugfélagsins færu í gegnum hana
Til eru heilmikil gögn um plássþörf í nýrri flugstöð / flugálmum samgöngumiðstöðvar í fyrri skýrslum.	Flughlað í dag er við hliðina á Valssvæðinu sem er í uppbyggingu
Minni fjárfestingarkostnaður	Hugsanlega þyrfti að fjölga bílastæðum = bílastæðahús á U-reit
Farþegar í innanlandsflugi fari að nýta sér almenningssamgöngur	Fí hafði hugsað gjaldtöku vegna bílastæða í takt við gjöld Reykjavíkurborgar
Opnast byggingarland þar sem flugstöð er í dag, c.a. 2 ha	Fí gerði ráð fyrir að þurfa 300 stæði í sínum hugmyndum um gjaldtöku á bílastæðum við núverandi flugstöð.
Hugsanlegt að hafa fraktþrógram í samgöngumiðstöð	Gæti orðið erfitt að koma fyrir hljóðmönnum til að skýla uppbyggingu á Valssvæði fyrir hávaða frá flughlaði.
Núverandi flughlað er ónýtt og þarfnast endurbyggingar. Allt eins væri hægt að hafa flughlað annarsstaðar	Endurmeta magn bílaleigubíla - fleiri notendur.
Enn meiri samgöngumiðstöð	Viðbótar rekstarkostnaður við það að vera með rútu til og frá flugvélum
Margir ferðast létt innanlands (40% tékka ekki inn farangur á ákveðnum leiðum )	
Stytttra á flugstöð. Bætri staðsetning en núverandi staður.	
Flugfélagið Ernir gæti einnig komið inn í samgöngumiðstöð	
Hugsanlegt að vera með vagna frá samgöngumiðstöð að flughlaði mannlaua á teini	
Fí flytur 1000 farþega á dag	
Þegar/ ef kemur að því að flugvöllur í Vatnsmýri fari er hægt að nýta byggingu á U-reit í annað	
Samlegð í rekstarkostnaði	

Einnig var árið 2013 nefnt að rætt hafi verið um þá útfærslu að flugfarþegar færu um samgöngumiðstöðina í U-reit og tækju þaðan skutlur að annarri minni flugvallarbyggingu eða beint í flugvélnar. Í þessari útfærslu er gert ráð fyrir undirgöngum undir Hringbraut og nýju flughlaði austan megin við braut 10-19. Flugstöðvarstarfsemi fengi 2.000 fermetra rými í samgöngumiðstöð og 250 gjaldskyld bílastæði.

### Þjónusta í húsinu samkvæmt skýrslu vinnuhóps frá 2013:

Á þessu stigi hefur ekki farið fram nákvæm greining á líklegri stærð biðryma fyrir farþega, geymslurýma fyrir farangur og fleiri almennra rýma undir þjónustuborð, veitingasölu og verslanir.

Hvað þjónustu í húsinu varðar sér hópurinn á þessu stigi fyrir sér eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að 2-4 bílaleigur hafi sérstaka afgreiðsluástöðu inni í samgöngumiðstöð, aðrar bílaleigur geti verið með afgreiðslu á sameiginlegu þjónustuborði miðstöðvarinnar.

- Á einum stað geti farþegar á leið um samgöngumiðstöð nálgast upplýsingar um almenningsamgöngur, alla ferðapjónustumöguleika í boði og almennar upplýsingar. Reiknað er með að flestir farþegar nýti sér sjálfsala til farmiðakaupa hvort sem er í almenningsamgöngur eða hópferðir en þjónustuborð selji farmiða fyrir alla ferðapjónustuaðila sem leigja aðstöðu í samgöngumiðstöð og aðstoði alla þá sem ekki nýta sér sjálfsala.
- Í samgöngumiðstöð verði boðin út aðstaða til veitingasölu (matur og drykkur) fyrir fleiri en einn aðila til að tryggja heilbrigða samkeppni. Miðað við þann fjölda farþega sem áætlað er að fari um miðstöðina og þann fjölda starfsmanna/nemenda sem verða í nágrenni miðstöðvarinnar verður að teljast líklegt að góður markaður verði fyrir veitingasölu a.m.k. veitingar sem hægt er að afgreiða á tiltölulega skömmum tíma.
- Í samgöngumiðstöð verði boðin út aðstaða fyrir verslun og þjónustu. Líklegt verður að teljast m.v. þann fjölda farþega sem áætlað er að fari um samgöngumiðstöð á venjulegum degi að töluverður fjöldi fólks vilji nýta tækifærið og versla í matinn á leið heim úr vinnu eða nýta sér aðra þjónustu.

Þeir þjónustubættir sem tilgreindir eru hér á undan eru í ágætu samræmi við könnun á viðhorfi og forgangsröðun þjónustubátta í samgöngumiðstöð sem unnin var af Háskóla Íslands árið 2013<sup>14</sup>. Í könnuninni voru alls 580 farþegar strætó spurðir hvaða þjónustubættir væru mikilvægastir í samgöngumiðstöð. Samkvæmt niðurstöðum voru flestir á því að þar ætti að vera kaffihús (17,3%) en þar á eftir komu söluturn (13,8%) og matvöruverslun (13,1%).

#### Niðurstöður þarfagreiningar árið 2005

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum þarfagreiningar fyrir samgöngumiðstöð við Reykjavíkflugvöll fyrir flug- og landsamgöngur sem birtar voru í skýrslu undirbúningshóps um samgöngumiðstöð í Reykjavík í febrúar 2005.



**Mynd 22: Til stóð að reist yrði samgöngumiðstöð fyrir flug- og landsamgöngur við Reykjavíkflugvöll [Undirbúningshópur um samgöngumiðstöð í Reykjavík, febrúar 2005].**

Almenningsamgöngur til og frá höfuðborginni skiptast í þrjá meginhluta. Í fyrsta lagi flugfarþega með áætlunarflugvélum sem nota Reykjavíkflugvöll, í öðru lagi flugfarþega um Keflavíkflugvöll sem fluttir eru til og frá höfuðborginni með rútum, og í þriðja lagi farþega með öðrum langferðabilum í afgreiðslu BSÍ í umferðarmiðstöðinni. Samkvæmt spám um áætlaða þróun í flutningum gætu farþegar og fylgdarfólk, sem fer um samgöngumiðstöð Reykjavíkur árið 2016, verið orðnir samtals um 1,1 milljón. Í byggingunni gætu þá verið allt að **820 manns samtímis** þegar að umferð er mest.

<sup>14</sup> Þórhallur Örn Guðlaugsson, 2013. Samgöngumiðstöð. Viðhorf og forgangsröðun þjónustubátta. Háskóli Íslands. Viðskiptafræðideild. Reykjavík.



*Þarfagreining, sem unnin var í samráði við væntanlega helstu notendur, gerir ráð fyrir samtals **6.550 m<sup>2</sup> byggingu**. Þar af eru áætlaðir 750 m<sup>2</sup> fyrir farangur og frakt, 400 m<sup>2</sup> fyrir tækjageymslu, og 700 m<sup>2</sup> verði til útleigu fyrir almenna verslunarstarfsemi.*

*Varðandi 5.100 m<sup>2</sup> grunnflöt samgöngumiðstöðvarinnar má hafa til hliðsjónar að grunnflötur núverandi flugstöðvar Flugfélags Íslands er 1.246 m<sup>2</sup> og grunnflötur umferðarmiðstöðvar BSÍ um 1.200 m<sup>2</sup>, - eða samtals um 2.446 m<sup>2</sup>. Miðað við 820 manns samtímis í húsinu á 2.500 m<sup>2</sup> almennra umferðar- og biðryma, væru tiltækir **3,0 m<sup>2</sup> fyrir hvern farþega**.*

*Höfundar skýrslunnar telja að 6.550 m<sup>2</sup> heildarflötur samgöngumiðstöðvar skiptist í 2.870 m<sup>2</sup> "sérsvæði" og 3.680 m<sup>2</sup> "sameiginleg svæði". Ennfremur er talið að sérsvæði vegna flugfarþega sé um 2.305 m<sup>2</sup>, en sérsvæði vegna rútufarþega sé um 565 m<sup>2</sup>. Árið 2016 er gert ráð fyrir að heildarfjöldi farþega, sem fara um stöðina, verði um 1.083.000, og skiptist þá í 493.000 flugfarþega, samsvarandi 45%, og samtals 590.000 rútufarþega, samsvarandi 55%. Samkvæmt þessu er áætlað að vegna flugfarþega séu samtals 3.960 m<sup>2</sup> (2.305 + 1.655 m<sup>2</sup>), en vegna rútufarþega séu samtals 2.590 m<sup>2</sup> (565 + 2.025 m<sup>2</sup>).*

*Gera þarf ráð fyrir "rennum" eða stæðum fyrir **10 - 12** hópferðabíla hverju sinni við nýja samgöngumiðstöð, en þessar rennur yrðu merktar sem brottfararstaðir. Af þessum rennum þarf sérstæði fyrir Flugrútuna, þar sem rekstur hennar er frábrugðin öðrum sérleyfisrekstri. Skammtíameymsla langferðabíla mætti vera lengra frá samgöngumiðstöðinni, og þyrfti að geta rúmað allt að **15 - 30** rútur.*

*Varðandi stæðapörf Strætó bs. hefur komið fram að fyrirtækið þurfi að hafa **fjögur** stæði með þægilegri aðkomu og góða aðstöðu fyrir bílstjóra.*

*Gera þarf ráð fyrir að **5 - 15** leigubílar hafi miðstöð við samgöngumiðstöðina. Í núverandi Umferðarmiðstöð eru beinir símar til leigubílastöðva, og þyrfti sama fyrirkomulag að vera í nýju samgöngumiðstöðinni. Ekki á að þurfa neina sérstaka aðstöðu fyrir leigubílastjóra innan hússins, utan aðgengis að veitingastað.*

## 9.2 Rekstrarfyrirkomulag

Lagt er til að óháður aðili/fyrirtæki sjái um rekstur samgöngumiðstöðvar. Auk þess að sjá um útboð á húsnæði og aðstöðu sjái viðkomandi fyrirtæki um rekstur á húsnæði og lóð, ásamt því að:

- Standa fyrir dagskrá í húsinu sem geri það eftirsóknarverðan viðkomustað eins og listsýningum, upplýsingabásur fyrir gesti o.fl.
- Sjá um rekstur þjónustuborðs í húsinu og upplýsingatöflur um komur og brottfarir.
- Setja reglur um opnunartíma, auglýsingar og reki alla sameiginlega aðstöðu. Fyrirmynd getur verið Kringlan.

Það mætti hugsa sér að viðhafa einhvers konar útboð á þessu. Rými innandyra og á lóð verði skipt í sérafnotarými og sameiginleg rými með sérstökum leigusamningum og kröfum um opnunartíma, gæði þjónustu og eftirfylgni varðandi það að farið sé að reglum. Til dæmis um að tímar á biðsvæðum séu virtir, stundvísi aðila og annað sem að upp getur komið varðandi svona rekstur.

Vinna þarf ítarlegar reglur um rekstrarfyrirkomulag sem fá samþykki Samkeppniseftirlitsins. Til að tryggja gagnsæi verði útboðsfyrirkomulag á aðstöðu í og við húsið þannig að til að hægt sé að vera þar með komur og brottfarir þurfi fyrst að greiða ákveðið aðstöðugjald sem stendur undir ákveðnum föstum kostnaði. Þetta gjald er óháð fjölda koma og brottfara. Ofan á þetta gjald komi síðan greiðsla fyrir fjölda koma og brottfara sem fari stíglækkandi eftir magni. Þau fyrirtæki sem ætla sér að vera með þjónustu við húsið séu þannig skyldug til að taka þátt í rekstri sameiginlegs þjónustuborðs. Jafnframt verði gerðar tiltekna umhverfis-, öryggis- og gæðakröfur til að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem ferðafólk sækir í samgöngumiðstöð.

### 9.3 Núverandi bygging BSÍ - Umferðarmiðstöðin

Í desember 2012 fór fram einfalt mat á núverandi ástandi BSÍ með sjónmati á burðarvirki og gluggum hússins ásamt plönnum umhverfis húsið og í framhaldinu var unnið mat á kostnaði við endurbyggingu á núverandi húsi. Við skoðun árið 2012 var ástand byggingarinnar orðið mjög bágborið vegna takmarkaðs viðhalds í áratugi. Bæði var um að ræða slit vegna notkunar og verulegar skemmdir sem að miklu leyti má rekja til raka eða veðurfars. Í lok árs 2017 var þetta ástandsmat og mat á kostnaði uppfært og gefið út minnisblað. Annars vegar var metinn kostnaður með tilliti til endurbyggingar og hins vegar nauðsynlegra lagfæringa t.a. geta notað húsið í 3-5 ár þar til ákvörðun verður tekin um framhaldsskipulag svæðisins. Í minnisblaðinu segir: „Í gegnum tíðina hefur bygging Umferðarmiðstöðvar örugglega ekki alltaf verið vel og að öllu leyti vatnsheld og því má gera ráð fyrir að [...] myglu sé að finna í húsinu, jafnvel víða. [...] Örveruvöxtur (t.d. mygla) o.fl. í rakaskemmdum [getur] leitt til þess að ráðlegt sé að fjarlægja mýkri byggingarefni [...] en skemmdir í steinsteypu séu sjaldnast þannig að ástæða sé til að fjarlægja hana. Rakaskemmdir leiði því ekki til þess að steinsteypa burðarvirki byggingar verði dæmt ónýtt, nema ef t.d. mikið ryð í járnbandingu er útbreitt, frostskemdir hafa orðið, eða annað sem rýrir burðarþol.“ Verði húsið endurbyggt til að nota það í einhverja áratugi, þá verði nauðsynlegt, eða a.m.k. skynsamlegt, að hreinsa allt af burðarvirkinu og byggja öll frágangsatíði upp aftur. Auk þess yrði að fara yfir þætti sem reglugerðir gera nú meiri kröfur til en var á byggingartíma, svo sem einangrun, frárennsli, brunavarnir o.s.frv. Megin niðurstaða ástandskönnunar núverandi bygginga er eftirfarandi:

*Kostnaður við að laga og endurbyggja húsið í sem næst upprunalegri mynd er metinn um 550 mkr, ef reiknað er með að burðarvirki hússins verði notað áfram.*

*Byggingarkostnaður nýs sambærilegs húss er gróflega metinn um 700 mkr. Kostnaður við að rífa núverandi byggingu er ekki innifalinn, en er gróflega metinn um 50 mkr.*

*Leigjendur hússins hafa lagað það mikið síðustu ár og hafa hugmyndir um frekari aðgerðir 2018. Við teljum ekki þurfa að bæta miklu við þær aðgerðir til þess að húsið verði vel nothæft næstu árin með sæmilega eðlilegum viðhalds- og rekstrarkostnaði.*

Í umsögn Minjastofnunar frá árinu 2014 segir að stofnunin telji bygginguna hafa ótvírætt varðveislugildi og muni leggja gegn því að hún verði rifin, komi slík tillaga fram. Í umsögninni kemur m.a. fram að Umferðarmiðstöðin sé gott dæmi um framsækna byggingarlist 6. áratugarins og hafi menningarsögulegt gildi sem opinber bygging sem lengi hefur þjónað sem ein helsta samgöngumiðstöð Reykjavíkur. Hins vegar mæli ekkert á móti því að byggingin verði endurnýjuð og stækkuð, mögulega sem hluti af stærri byggingarheild líkt og hugmyndir voru um í upphafi. Upphaflega var gert ráð fyrir viðbótarálmum til beggja enda og var byggingin þannig hugsuð sem hluti af stærri húsasamstæðu. Burðarkerfi hússins sé einfalt og mögulegt að breyta nýtingu og skipulagi innandyrna án þess að raska skipulagi rýmisins.

Miðað við skoðun á flæði samgangna bæði að/frá U-reit og innan U-reits, og rými fyrir aðra byggð á reitnum, myndi notkun á núverandi byggingu sem samgöngumiðstöðvar ekki henta vel og setja skorður á staðsetningu skiptistöðvar og annarrar umferðar. Einnig gæti húsnæðið verið flöskuháls í þróun samgöngumiðstöðvar vegna smæðar og innra skipulags.

Í fyrri vinnu við undirbúning samkeppni um U-reit var ákveðið að halda því opnu í samkeppninni hvort BSÍ standi eða víki. Niðurstaða starfshópsins nú er að það sé óheppilegt og geri bæði þátttakendum og dómnefnd erfitt fyrir, afstaða um þetta þurfi að liggja fyrir í keppnislýsingu. Niðurstaða starfshópsins er að kalla eftir afstöðu Borgarráðs um það hvort núverandi bygging BSÍ eigi að standa eða víkja. Ef byggingin á að standa er þó mikilvægt að fram komi að byggja megi við hana og henni geti verið fundið annað hlutverk en samgöngumiðstöð.